

Október 2007

menning

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR]

Ég ER FARIN ÚT.ÚR *myrkrinu*

VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR segir
frá Sögunni um Bíbí Ólafs-
dóttur og birtur
er kafli úr
verkinu

FRÉTTABLAÐ/ID/VALU

KNUT HAMSUM ■ EINAR KÁRASON ■ VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR ■ VALGARÐUR EGILSSON ■ ÞÓRUNN BJÖRNSDÓTTIR ■ BÍBÍ ÓLAFS-
DÓTTIR ■ SIGRÚN DAVÍÐSDÓTTIR ■ LOUISE BOURGOISE ■ FINNUR ARNAR ARNARSSON ■ GYRÐIR ELÍASSON ■ ARI ALEXANDER
■ HAROLD PINTER ■ RAGNHEIÐUR GYÐA JÓNSDÓTTIR ■ ÞORVALDUR ÞORSTEINSSON ■ BERGSTEINN BJÖRGÚLFSSON

MYNDLIST Í SJÓNVARPI

Páll Baldvin Baldvinsson skrifar

Þegar Sjónlistaverðlaunin voru sett af stað segir sagan að menntamálaráðherra hafi rekist á útvarpsstjóra á flugvelli og dregið hann með á fund um verðlaunin. Alla vega var útvarpsstjórinn hafður með á öllum myndum þegar tilkynnt var að Sjónlistaverðlaun væru sett á stofn. Hlutur sjónvarpsins var enda nokkur þegar kom að tilnefningum og síðan veitingu verðlaunanna. Í ár brá svo við að Sjónvarpið lét sér duga að senda beint frá athöfninni: umfjöllun um myndlistina og þá sem hana skópu varð utan garðs.

Þeir eru til sem halda því fram að myndlist eigi ekki erindi í sjónvarp, samband rýmis og listaverk rýrni á þröngum skjánum, litir séu sjaldan réttir og verkið skili sér illa. Raunin hefur orðið sú að með bestu tækjum getur tækið þjónað erindinu og sýnt almenningi myndlist á videigandi máta. Ef dagskrárstjórar hafa möguleika á að koma henni á framfæri sem er ekki alltaf. Myndlist er ekki þess eðlis að ráðandi öfl í dagskrám sjónvarpsstöðva hafi á því áhuga að miðla annarri myndlist en iðnaðarvörum, bæði leiknu efni og auglýsingum.

Myndlistarmenn hafa fátt látið hafa eftir sér um smáan hlut myndlistar í Sjónvarpi: þeim virðist duga mínútu-umfjöllun í Kastljósi og öðrum slíkum þáttum. En er það okkur hinum nóg? Skattborgarar hafa kostað miklu til að koma á legg öflugu framleiðslukerfi myndlistar í landinu. Það er ekki viðlit að mögulegt sé að fylgjast með öllu því sem hér er í gangi í myndlist, magn sýninga er slíkt. Sjónvarp í eigu ríkisins ætti því að sjá sér skyldu að sinna íslenskri myndlist, ekki aðeins með almennilegum úttekktum, viðtölum og viðræðum, heldur líka með sögulegum þáttum. Það er hæðarleikur nú þegar verið er að skrifa myndlistarsögu á vegum menntamálaráðuneytisins. Væri ekki ráð að tvinna það saman? Hvernig ganga skrifin? Hvaða spurningar vakna? Öflun myndefnis stendur yfir, má ekki hoppa á þann vagn? Ráðuneytið hlýtur að vilja að það verk fari sem víðast – er ekki ráð að hefja kynninguna nú?

Athygli þjóðarinnar er ekki nægilega mikil á þann menningarmiðil sem hún á og rekur – þar virðast ráðamenn líta á það sem frumskyldu sína í starfi að skaffa sjálfum sér góð laun og tryggja að þeir sjáist sjálfir sem oftast á skjánum. Líkast til vegna þess að þeir eru myndarlegir menn – en margar aðrar myndir eru merkilegri en þeirra. Myndlist á heima í myndmiðli. Þeir eru ráðnir til að sinna menningarlegu starfi. Það er kominn tími á að þeir fari að annast það verkefni.

SVIPMYND AF LISTAMANNI

Í minningu Sam

Ég hitti Samuel Beckett fyrst árið 1961 í París, þegar leikrit mitt, Húsvörðurinn, var sett þar á fjalirnar. Hann gekk inn á hótelið afar hröðum skrefum. Göngulag hans var ákveðið og handtak hans fumlaust. Hann var afskaplega vingjarnlegur.



Samuel Beckett (1906-1989)

Ég hafði vitaskuld þekkt verk hans í mörg ár en þau höfðu aldrei lætt þeirri tilfinningu inn hjá mér að hann æki sérstaklega hratt. Allt kvöldið þeysti hann þó á litlu Citróen-bifreiðinni sinni frá hverri kránni til annarrar.

Við enduðum að lokum á veitingahúsi í Les Halles og borðuðum lauksúpu klukkan fjögur um nótt. Þegar hér var komið við sögu var ég aðframkominn af meltingartruflunum og brjóstsviða – sem mátti líklega rekja til tóbaks, áfengis og hugaræsings – og lagði höfuðið á borðið. Þegar ég leit upp var hann horfinn. Ég hafði ekki hugmynd um hvers vegna hann gufaði upp og hugsaði með mér: „Kannski var þetta allt saman draumur.“ Ég held að ég hafi sofnað við borðið. Um þremur stundarfjórðungum síðar hreyfðist borðið og þarna var hann kominn, með böggul í fanginu, poka. „Ég þurfti að leita þvert og endilangt yfir París,“ sagði hann, „en ég fann það loksins.“ Og hann teygði sig ofan í pokann og rétti mér dós af matarsóda, sem hreif eins og skot.

Harold Pinter Flutt á BBC árið 1990.



Harold Robbins og Grace í Cannes 1977. LJÓSMYND:AFP

MAÐURINN sem fann upp sexið

Á sínum tíma þótti Harold Robbins spennandi rithöfundur, sumir töldu hann merkilegan rithöfund þegar hann var upp á sitt besta, létu hafa eftir sér að Carpetbaggers (1961) væri mikilvæg skáldsaga. Nú er líf hans og list í sviðsljósinu því komin er út ævisaga þessa metsöluhöfundar vestanhafs og austan og vekur athygli.

Harold Robbins fæddist 1916 og lést 1997. Hann var alinn upp af föður og stjúpu, en móðirin lést fáum dögum eftir fæðingu hans. Hann starfaði við ýmis störf í verslun og viðskiptum en tók svo til við að skrifa reyfara og fékk sína fyrstu bók útgefna 1942. Þá strax var hann tekinn til við að blanda í spennusögur sínar lýsingum á nekt og kynlífi. Formúlan gekk vel ofan í lesendur og Robbins náði samningum við virðulega útgefendur. Fyrsta sagan sem vakti athygli fyrir bersögli og krassandi kynlífslýsingar var bönnuð fyrir ósiðsemi árið 1948. Á þeim tíma voru útgefendur að berjast gegn ritskoðun og unnu að lokum sigur beggja vegna Atlant-sála. Það tók víða enn lengri tíma að brjóta ritskoðun á bak aftur, til dæmis í leikhúsi í Bretlandi þar sem opinbert eftirlit var með leik-sýningum til 1968.

Robbins gerði betur en að kríta liðugt á pappírnum. Hann spann upp kostulegar og dramatískar sögur af ævi sinni. Hann var eini maðurinn sem bjargaðist úr kafbát á stríðsárunum, hann var alinn upp á munaðarleysingjahæli, hann var afmeyjaður á hóruhúsi og þessum lýsingum gleypiti pressan við. Sögur hans tóku að seljast í bílhöllum og þegar komið var undir 1960 var hann



Dallas: Þáttaröðin vinsæla þræddi troðna slóð í dyrkun á melódráma, aðdáun á ríkídæmi og konum með glossaðar varir. Linda Gray í hlutverki Sue Ellen í hinu fræga handtökuatriði.

orðinn alþjóðanafn: Carpetbaggers (1961) byggði lauslega á ævi Howard Hughes og er talin fjórða mesta bók okkar tíma: Harry Potter er peð í sölu miðað við Harold Robbins. Sumir kenna svokallaðar flugvallabókmenntir við þennan ósvífna og vinsæla rithöfund. Carpetbaggers, Peyton Place, Inheritors; sögurnar voru margar og flestar langar, klúrar og spennandi affreying. Um 1970 seldi hann 25 þúsund eintök á dag, samantlagt 750 milljón eintök að því er talið er.

Robbins var þrígiftur og hélt stórar og ríkmannlegar veislur þar sem kynlíf var stundað af

miklum móð. Villur beggja vegna Atlantshafsins, sundurgerð í klæðaburði, umsvermaður ungum konum, hann barst mikið á enda flestar sögur hans efni í fburðarmiklar kvikmyndir og síðar sjónvarpsmyndir svo nóg var ríkídæmið. Hann hélt úti opinberu andliti en samstarfsmenn hans kunna honum fáir góða sögu: Michael Korda rithöfundur vann við að laga verkin hans og segir Harold hafa verið einstaklega ógeðfældan mann. Hann skóp í starfi sínu nýtt fyrirbæri: hann ferðaðist um öll Bandaríkin og kynnti nýjar bækur sínar og var frumherji í markaðssetningu sem okkur er töm í dag. Arfleifð hans rataði loks inn í sjónvarpið í seríum á borð við Dallas og Dynasty. Þeir sem eru of ungir til að muna þær sápur þekkja Desperate Housewives, sem er samsuða úr sama hristaranum. Við vorum alin upp við þá heimsmýp sem þessi ósvífni sölumaður skóp til þess að græða á okkur.

Villa í hæðunum ofan við Cannes, önnur í Acapulco, sú þriðja í Beverly Hills, fjórtán bílar, málverk eftir marga helstu meistara málverksins á síðustu öld: allt ríkídæmið dugði honum til síðir ekki til. Eftir kókveislu í febrúar 1984 datt hann heima á baðherberginu og braut á sér mjóðmina. Eftir það var hann bundinn við hjólastól og stöðugt kvalinn. Lækniskostnaðurinn eyddi húsunum og skilnaður við Grace konu hans tók sitt. Svo fór á endanum að sjóðir hans runnu til þurrðar, bækurnar hættu að seljast og hann lést í örþingd í Palm Springs, vinalaus og yfirgefinn. Nýja ævisagan heitir: Harold Robbins: The Man Who Invented Sex og er eftir Andrew Wilson. -pbb

“...Besta íslenska myndin...”



“...sterkur og spennandi söguþráður heldur manni við efnið, frábær leikur, tónlist og myndgæði gera Veðramót eftirminnilega upplifun. Þetta er mynd sem allir verða að sjá! Besta íslenska myndin síðan Með allt á hreinu”

- S.G., Rás 2



“Öllum Íslendingum er hollt að sjá þessa mynd, ekki síst fyrir boðskapinn sem hún hefur fram að færa.”

- T.S.K., Blaðið



“Veðramót er hugrökk ádeila sögð með hlýju og húmor sem hreyfir við áhorfendum frá fyrstu stundu.”

- R.H., - Fréttablaðið



“Vonandi eiga sem flestir eftir að njóta fráberrar myndar og úrvals afþreyingar. Eddan hefur fundið arinhillurnar sínar í ár.”

- S.V., Morgunblaðið



“Ég ætla ekki að fullyrða að Veðramót sé besta íslenska mynd sem ég hef séð, en ég man samt ekki eftir að hafa séð einhverja sem var betri.”

- B.B., Panama.is

VEÐRAMÓT

“Veðramót radar sér umsvifalaust í þröngan hóp bestu mynda okkar stuttu kvikmyndasögu”

- S.V., Morgunblaðið



“Vönduð og góð íslensk Kvikmyndagerð”

- V.J.V., Topp5.is



“Svona mynd hefur ekki verið gerð áður. Hún er alvöru, einlæg vel tímasett, frábær. Nauðsyn.”

- E.E., - DV

Sagan sem mátti ekki segja.

KVIKMYNDAFÉLAGIÐ UMBI OG NORDISK FILM PRODUCTION KYNNA: VEÐRAMÓT

TINNA HRAFNSDÓTTIR • HILMIR SNÆR GUÐNASON • ATLI RAFN SIGURDARSON • JÖRUNÐUR RAGNARSSON
HERA HILMARSDÓTTIR • BALTASAR BREKI BALTASARSSON • ÁRNMUNDUR ERNST BACHMANN • ÞÓRSTEINN BACHMANN
GUNNUR SCHLÜTER • UGLA EGILSDÓTTIR • JÓHANNS SIGURDARSON • ÞÓREY SIGÞÓRSDÓTTIR • TINNA GUNNLAUGSDÓTTIR

KVIKMYNDATAKA SVEIN KRÖVEL • LEIKMYND TONI ZETTERSTRÖM • KLIPPING STEFANÍ THORS
LÝSING INÐVAR STEFÁNSSON • GRIPILL HENRIK JÓNSSON • HLJÓÐ PÉTUR EINARSSON • LÍFTÖKUSTJÓRN KRISTÍN PÁLSDÓTTIR
TÓNLIST RAGNHILDUR GÍSLADÓTTIR • BÚNINGAR REBEKKA A. INGIMUNDARDÓTTIR • HÁR OG FÖRÐUÐ ÁSTA HAFÞÓRSDÓTTIR

FRAMKVEMDASTJÓRN ÓSÁ ANDERIMAN • TÖKUSTADASTJÓRN TRYGGVI GUÐNARSSON

FRAMLEIÐANDI HALLDÓR ÞORGETRASSON • MEÐFRAMLEIÐENDUR KIM MAGNUSSON OG LENA HAUGAARD

HANDRIT OG LEIKSTJÓRN GUÐNÝ HALLDÓRSDÓTTIR

KVIKMYNDAGAMSTÖÐ ÍSLANDS • IFTF • DÉNA • TRYGGINGAMSTÖÐIÐ • ÍSLANDSÁR • ÍSLENSK AMÉRISKA • AVION GROUP • DOLBY DIGITAL

Sýnd í kvikmyndahúsum um land allt

SMÁRA BÍÓ

REGNBÖGINN

HÁSKÓLABÍÓ

AKUREYRI
SAMBIÓN

Uppreisn Á AKUREYRI

Listasafnið á Akureyri býður upp á síðasta fullið. Nú skulu bæjarbúar drekka bikarinn í botn í rómantískum losta með taktföstum tryllingi.

MYNDLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Síðasta sýning ársins í Listasafninu á Akureyri er í höndum kraftmikilla ungra listamanna, sem eru valdir af Francis McKee, safnstjóra Nýlistasafnsins í Glasgow. Þar í borg hefur um langt skeið verið blómlegt listalíf þótt ekki hafi farið mikið fyrir því í auglýsingum fyrir hinar frægu Glasgow-ferðir enda miðuðust þær við opnunartíma verslana en ekki gallería, safna eða leikhúsa. Francis er einn virtasti og framsæknasti sýningarstjóri Skotlands en þar þurfa menn að eiga slíka krafta vegna Edinborgarháttíðar og reglulegs sýningarstarfs. Skotar eru að sækja í sig veðrið á mörgum sviðum og við

mættum heimsækja þessa nágretta okkar oftar. Listamennirnir eru allir fæddir á áttunda áratugnum og hafa stundað framhaldsnám við Glasgow School of Art en koma frá Kanada, Englandi, Skotlandi og Íslandi. Þótt þeir eigi sama nám að baki hefur hver og einn þeirra markað sér efnistöð, áherslur og tækni að sínu skapi og geðslagi. Baldvin Ringsted Vignisson fæst við spennandi tilraunir á mörkuum hljóðs og ljóss en Will Duke skapar ógnvekjandi stafrænar hreyfimyndir. Húmor og sterk konsept einkenna margvísleg verk Jónu Hlíf Halldórsdóttur, Erica Eyres afmyndar fólk og kannar viðþolið gagnvart hinu ljóta á meðan Lorna Macintyre skapar merkingu eða

kerfi úr fundnum munum og óreiðu. Að vanda gefur Listasafnið út veglega sýningarkrá, blað, vegna sýningarinnar og má þar meðal annars finna grein eftir sýningarstjóran þar sem hann fjallar um rotnun, grotnun, eyðingu, tæringu, visnun, ryð og elli, sem virðast ef til vill í fljótu bragði koma ungum listamönnum lítið við, þetta er jú ungt og sprækt fólk í fullum blóma. En McKee heldur því fram að eyðingin sé nauðsynlegur jarðvegur fyrir nýjar leiðir og kann eins og margir fleiri á undan honum það best ráða að vísa á eitt-hvað líði til skýringa: Rómantikinn hefur verið nefnd sem mögulegt andsvar við póstmóðernisma og sem möguleg-

ur lífsstíll á 21. öldinni. Draumsýn um endurvakningu hennar er hugmynd sem fleygt hefur verið fram undanfarna áratugi í fleiri en einu samhengi. Þessir listamenn eru kannski sporgöngumenn rómantikur en miklu líklegri er að þeir svipti plástrinum af kaunum þess samfélags sem virðist staðráðið í að tortíma sér. Sýningarstjórnin skoski býður okkur upp á skoðun á eyðileggingunni. Varðveislubörf okkar sé sjúkleg og tilgangslaus því hún gangi ekki upp á endanum: allt gangi sér til húðar. Því verðum við að leita í skemmdirnar, skaðann, tortímunguna til að finna nýjar leiðir til afkomu. Margt í samfélögum okkar daga kalli á uppreisn einstaklings með

dýrkun hins sérstæða rétt eins og í rómantikinni. Hann skortir kunnáttu til að sækja fjör í öfgafyllstu rómantikina hér á landi en nógir eru á Akureyri til að leita í gömlum skræðum aðuppreisnarmönnum, sumum þeirra að norðan, Hannesi Hafstein, Kristjáni Fjallaskáldi og Jónasi. Það er lofað fjöri nyrðra og styrktaraðilar hafa hópast um tiltækið: Styrktaraðilar sýningarinnar eru: AB-búðin, Ásprent, Bílaleiga Akureyrar, British Council, Eymundsson, Flugfélag Íslands/Air Iceland, Flúgger-litir, Flytjandi, Iss, Karólína Café & Restaurant, Kaupþing, KPMG, Securitas, Sjóvá. Þegar svo margir leggja hönd á plóg hlýtur að vera gott í boði.



Myndlist Verkið er eftir Jónu Hlíf Halldórsdóttur og heitir My Organic Life, 2006.



Fallegt fólk undir stórrí auglýsingu í Frankfurt fyrir viku.

MYND: AFP/TORSTEN SILZ

FÁTT FRÉTTNÆMT Í Frankfurt

Þeir segja í bókabransanum að nýafstaðin bóka-messa í Frankfurt hafi ekki verið mikil bókmenntahátíð. Fjórðungur úr milljón gesta sótti hana og öllum ber saman um að aldrei þessu vant hafi ekki verið ein bók sem reyndist eftirsóknarverðust allra en það hefur löngum verið. Svíar eru himinlifandi yfir áhuga á Amberville, sögu um dýr sem er samin af manni sem vill leynast undir engilsaxnesku dulnefni. Í hans tilfelli er það umboðsmaðurinn sem kom fram og samdi um stórar fyrirframgreiðslur. Frankfurt hefur um nokkra hríð verið leikvangur umboðsmanna. Þeir eru bestir sölumenn sem knýja

fram á skömmum tíma sem flesta kaupsamninga og eins og í öðrum deildum verslunar skiptir miklu máli að listinn sé langur yfir seld lönd. Fyrsta daginn fór mestum sögum af góðri sölu á væntanlegri ævisögu Roger Moore. Hann er kominn undir áttætt og vill nú hreinsa borðið: fjögur hjónabönd, Dýrlingsárin og Bond-tímabilið verða gerð upp. Af sömu slóðum eru væntanlegar ævi Keiths Richard, enn ein bókin um Clash og ferðabók eftir David Byrne úr Talking Heads. Mennta segja bókabransann stýr-ast meira af aðgát nú um stundir en oft áður: hljóðbókin sækir enn á og er víða farin að taka á sig

stafrænt form tilbúið í niðurhalið og þolir betur þjöppun. Margt getur góður usb-lykill geymt - allar Íslendingasögurnar og annálana líka ef einhver nennir að heyra. Frankfurt hefur lengi verið mikill kaupvangur. Miklum sögum fer að glæsiflúfi, fínnum hófum og góðum kosti, rétt eins og á öðrum iðnaðarstefnum. Það er ekki gott til þess að vita að í fæstum greinum erlendrar blaða er getið nema í framhjálaupi að Katalóníumenn og þeirra sögur og kvæði áttu að vera í heiðurs-essi, þeim sem Íslendingum er boðið að þiggja innan tveggja ára. Það sætir ekki meiri tíðindum en svo.



Kjarvalsstaðir

8. september – 4. nóvember

Eggert Pétursson

Látið ekki þessa einstöku yfirlitssýningu á verkum Eggerts Péturssonar fram hjá ykkur fara.

Sérstök dagskrá verður á Kjarvalsstöðum í tengslum við sýninguna
sunnudaginn 28. október

Kl. 14:00
Leiðsögn og leikur fyrir alla fjölskylduna

Kl. 15:00
Listamannspjall með þátttöku
listmálarans Eggerts Péturssonar

Sýningunni lýkur 4. nóvember.





Pórunn Jónsdóttur, hönnuð gerva og búninga í Skilaboðaskjóðunni, með dverginn Skemil í fullum skróða. Allar myndir á síðunni eru teknar á æfingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Leikara breytt í dverg

Hjalti Rögnvaldsson í förðun hjá sminkdeild Þjóðleikhússins



SKILABOÐASKJÓÐAN AFTUR Á FJALIRNAR

Spjallað við Pórunni Maríu Jónsdóttur búningahönnuð og Gunnar Helgason leikstjóra á kaffistofu Þjóðleikhússins við undirleik hamarshögga að utan.

LEIKLIST ELÍSABET BREKKAN

Skilaboðaskjóðan eftir Þorvald Þorsteinsson hefur verið leikin, sungin og lesin í nær tvo áratugi og í þessum ævintýraskógi þar sem persónur gamalla ævintýra hittast og steypast inn í ný ævintýr líður lesendum og áhorfendum vel. Það er svo gott að þekkja Mjallhvíti og hitta hana aftur þó að aðstæður séu aðrar.

Baksviðs í Þjóðleikhúsinu eru pottar og dollur á gólfum þar sem víða lekur og alls staðar er verið að breyta eða bæta eða bara reyna að koma í veg fyrir að húsið hrynni. Nauðsynlegar viðgerðir draga þó ekkert úr sköpunarkrafti þegar lagt er í ævintýraferð eins og þá að glæða söguskóg lífi. Gunnar Helgason hefur aldrei átt í neinum vandræðum með að sveifla sér inn í ævintýrin og það er greinilegt þar sem hann situr og spjallar við Putta litla fyrir framan kókvélina í kaffistofunni að hann hefur engu gleymt í þeim efnum. Nú er verið að breyta fjallmyndarlegum leikurum í dverga og allskyns skemmtilegar persónur sem hittast í Ævintýraskóginum á sviði Þjóðleikhússins. Pórunn María Jónsdóttir er búningahönnuður sýningarinnar og Gunnar Helgason leikstjóri.

Kælipokar og uppbreittir skór

Hér er um að ræða ævintýri þar sem ímyndunaraflið fær að blómstra, hversdagsleikinn er víðs fjarri og tónlistin hljómar. Jóhann G. Jóhannsson sér um tónlistina eins og í gömlu sýningunni en hefur bætt þremur nýjum lögum við, sem kom til vegna þess að atriði sem leikstjóranum þótti of löng voru strikuð út og lögin komu í staðinn. Það er einn leikari af yngstu kynslóðinni, Putti litli, en annars eru það fullorðnir sem ljá persónunum líf.

Hér eru dvergarnir sjö og dvergarnir fimm. Dvergarnir sjö sitja í gryfjunni með hljóðfærin

sín meðan dvergarnir fimm sprella uppi á sviðinu. En það er ekki alveg sjálfgefið og auðvelt að breyta stórum mönnum í litla dverga. Þeir fá nýjar tennur og þeir fá ný nef og þeir fá búninga sem eru svo heitir að það verður að koma fyrir ísmolum eða einhverskonar kælipokum inni í búknun til þess að þeir bráðni hreinlega ekki alveg því búningarnir eru óhemju heitir og hamangangur dverganna svo mikill að hætta er á að þeir myndu hreinlega hverfa inni í þessum dvergahulstrum. Margir þeirra eru í raun nokkuð hávaxnir og til þess að ná fram álfslegum áhrifum eru ermar í styttra lagi og eins skálmur, fyrir utan að hlægilegir þunnir uppábreittir skór auka einnig áhrifin.

Löng breytingarskeið

Það má segja að það sé nokkuð langt breytingarskeið hjá dvergum og hér á síðunni gefur að líta svo kallaðar „fyrir og eftir“ myndir, þegar Hjalti Rögnvaldsson gengur í gegnum ummyndunina í dverginn Skemil.

Skissubók Þórunnar Maríu er spennandi aflestrar. Gunnar Helgason, sem leikstjóri verkinu, var sem kunnugt umsjónarmaður Stundarinnar okkar ásamt Felix Bergssyni um það leyti sem Skilaboðaskjóðan var sýnd hér áður, kringum 1994. Gunnar hlær þegar hann minnst dverganna sem honum þótti svo vænt um og heimsóttu þá félaga af og til um tveggja ára skeið í Stundinni. Í hans huga voru dvergarnir bara svona og ekki öðruvísi enda þeir góðir vinir.

Síðan mætti Þórunn María til leiks og hafði alls ekki þessa dvergamynd með sér í farteskinu því þegar Skilaboðaskjóðan var sýnd í Þjóðleikhúsinu um árið var hún við nám, störf og leik í Antwerpen og sá því aldrei sýninguna. Það sem komið hefur hennar hugar-

flugi af stað er meðal annars tónlistin sem hljómað hefur oft og mikið úr diskaspilara dóttur hennar. Leikmyndina sér Frosti Friðriksson um.

Nýir menn og vanar konur

Það er ýmislegt sem leikararnir verða að bera með sér í margbreytilegum búningum sínum, dvergarnir með kælipokana og stjúpum sem leynir fiðrildabúrin í formi krínólins undir pilsinu sínu. Það verða átján leikarar í sýningunni, þar af fjögur ungmenni sem dansa og syngja fyrir utan Putta litla. Svona umfangsmikið verk er ekki hrist fram úr erminni á einum degi og það hefur verið svoltið erfitt að fóta sig í framkvæmdum inni í húsi þar sem iðnverkamenn taka meira pláss en leikverkamenn, þannig að saumakonur hafa þurft að grípa sínar eigin vélar á heimavelli enda þeirra vistarverur ekki komnar í stand vegna viðgerða fyrr en 22. september.

Með í sýningunni verða tveir nýliðar, það er á íslensku leiksviði; Þeir Ívar Helgason sem starfað hefur í Stuttgart og St. Gallen í Sviss sem söngvari, leikari og tónlistarmaður og eins Þórir Sæmundsson sem er útskrifaður úr leiklistarskóla í Osló og hefur starfað þar á Ríksteatern og lék síðast hinn alræmda Makka hníf í Túsíldingsóperunni. Þetta eru báðir miklir söngmenn og að sögn Gunnars Helgasonar fengur fyrir íslenskt leikhús.

Verkfræðingar og galdramenn

Þau Þórunn og Gunnar gefa sér góðan tíma til þess að segja frá persónunum og ferlinu við að koma þessu öllu heim og saman og það virðist á þeim eins og þetta sé bara ansi hreint auðvelt en stundum verður að setjast niður og klóra sér svoltið í hausnum, og kreista fram verkfræðinginn í sér og kannski hreinlega galdramanninn. Hvernig breytist tröll í stein?

Þessari spurningu er svo auðvelt að svara og ekki til barn í landinu sem getur ekki gefið heilsteypt svar við henni. Aftur á móti getur verið svoltið erfitt og verkfræðilegur höfuðverkur að láta þetta gerast uppi á sviðinu beint fyrir framan augun á gagnrýnum áhorfendum án þess að hafa möguleika klippitækni kvikmyndanna. Þessa þraut eiga þau eftir að leysa, en Gunnar er með hugann við hraunið og mætti segja þannig að tröllabúningurinn allur yrði með einhverri hraunáferð.

Langur aðdragandi

Það hefur ríkt mikil gleði meðan verið er að kynna búningum og þegar dvergarnir fengu latexnef sín og stóru nýju tennurnar tók sköpunin skemmtilegan kipp, fyrir svo utan að skottast um með mikinn belg kringum skrokkin kom mörgum leikurum til þess að fara á flug og leika langt út fyrir rammann þannig að samstarfsmenn þurftu að halda um sína belgi til þess að springa ekki úr hlátri.

Þeir sem muna eftir gömlu sýningunni sjá nú líklega hina glæsilegu stjúpu fyrir sér en nýir áhorfendur þurfa svo sannarlega ekki að verða fyrir vonbrigðum því búningur þessarar stjúpu sem er teiknaður með leikkonuna Þórunni Lárusdóttur í huga er bæði fallegur og spennandi. Gunnar Helgason strýkur tár af hvarmi og segist aldrei hafa séð svona fallega stjúpu. Nornin er aftur á móti hvorki fögur né fín og í skissubók Þórunnar Maríu brýtur hún mjög í bága við hina, eins og grárykug förukona og verða vafalaust margir fegnir að hafa góða hendi til þess að halda í þegar hún birtist.

Þórunn kom að verkinu strax í janúar þannig að þeim hefur gefist nokkuð góður tími til þess að vinna að verkinu og reiknað er með að frumsýningin verði 7. nóvember.



UNG STÚLKA DANSAR SIG TIL DAUÐA



KRASSANDI KVÖLD MEÐ SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
VORBLÓT /// EFTIR ÍGOR STRAVINSKÍJ
HÁSKÓLABÍÓ /// **FÖSTUDAGINN 2. NÓVEMBER** /// KL. 21
/// **eftirpartí** með hljósveitarmeðlimum og dj þorbirni /// miðaverð **1.000 KR.**


www.sinfonia.is /// midi.is



F102435





FL GROUP ER AÐALSTYRKARAEILI
SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS



Ökutímar
SAGA UM FORBODNA ÁST
MED TÓNLIST EFTIR LAY LOW
Forsala hafin!

Frumskýning	Fös 2/11 kl. 20	UPPSELT	Fös 16/11 kl. 22	Aukaskýning
Lau 3/11 kl. 19	UPPSELT	Lau 17/11 kl. 19	UPPSELT	
Lau 3/11 kl. 22	Örfá sæti laus	Fim 22/11 kl. 21	UPPSELT	
Mið 7/11 kl. 20	UPPSELT	Fös 23/11 kl. 22	UPPSELT	
Fös 9/11 kl. 19	UPPSELT	Lau 24/11 kl. 19	UPPSELT	
Fös 9/11 kl. 22	UPPSELT	Sun 25/11 kl. 22	Aukaskýning	
Lau 10/11 kl. 19	UPPSELT	Lau 24/11 kl. 22	Aukaskýning	
Fös 10/11 kl. 22	Aukaskýning	Fim 29/11 kl. 20	UPPSELT	
Mið 14/11 kl. 20	UPPSELT	Fös 30/11 kl. 19	UPPSELT	
Fös 16/11 kl. 19	UPPSELT	Fös 30/11 kl. 22	Örfá sæti laus	
		Næstu sýn: 2., 6. og 7. desember		

Í samstarfi við 




OVILTAR!
FRÁBÆR
FJÖLSKYLDUSKEMMUN

UPPSELT út október
Sala í fullum gangi á sýningar í nóv. og des.

Fim 18/10 kl. 20	UPPSELT	Nýjar sýningar í sölu núna:
Fös 19/10 kl. 20	UPPSELT	Fim 8/11 kl. 20 örfá sæti laus
Lau 20/10 kl. 20	UPPSELT	Fim 15/11 kl. 20 örfá sæti laus
Sun 21/10 kl. 20	UPPSELT	Fös 23/11 kl. 18 örfá sæti laus
Fim 25/10 kl. 20	UPPSELT	Lau 1/12 kl. 15 í sölu núna
Fös 26/10 kl. 20	UPPSELT	Lau 8/12 kl. 15 í sölu núna
Lau 27/10 kl. 16	UPPSELT	Lau 15/12 kl. 15 í sölu núna
Lau 27/10 kl. 20	UPPSELT	
Sun 4/11 kl. 14	UPPSELT	
Sun 4/11 kl. 18	UPPSELT	
Sun 11/11 kl. 14	UPPSELT	
Sun 11/11 kl. 18	UPPSELT	
Lau 17/11 kl. 14	UPPSELT	

Fyrstir koma - fyrstir fá.
Kortasalan enn í fullum gangi en nú fer hver að verða síðastur!

ALLIR Í LEIKHÚS Á AKUREYRI!
Miðasala: 4 600 200 | netsala: leikfelag.is



Knut Hamsun um það leyti sem vegur hans var sem mestur.



GLAÐVÆR NÓVELLA

Ný þýðing á verki eftir norska skáldjöfurinn Knut Hamsun er komin út, Loftskæptamaðurinn, og Jón Kalman þýðir. Fremstur meðal jafningja í aðdáendaklúbbi Hamsuns hér á landi er Einar Kárason, sem segir hér frá verkinu og stöðu Knúts í samhengi íslenskra bókmennta.

Loftskæptamaðurinn er meistarasmíði þó ekki væri nema vegna þess að hún kemur úr smíðju meistarans Knut Hamsun, en getur þó varla talist einn af hans helstu dýrgripum. Hún er efnisskyld ýmsum af hans frægustu bókum, og koma þá til að mynda ástarsögurnar Viktoría og Pan í hugann; Loftskæptamaðurinn gerist á einu norðlensku sumri eins og Pan, en á meðan hinar bæurnar tvær eru ljóðræn og dramatísk listaverk þá má segja að Loftskæptamaðurinn sé nær því að vera skemmtisaga, glaðvær nóvella – var raunar þóttuð sem slík af útgefendum Hamsuns árið 1904 og

segir í ævisögum að hann hafi klárað bókina á tveimur mánuðum. Raunar heitir bókina á frummálinu „Sværmere“ þannig að réttari þýðing væri Draumóramenn eða eitthvað slíkt, en sagan varð kunn sem „Telegrafisten“ þegar hún var kvikmynduð undir þeim titli fyrir nokkrum árum, og fyrirgefist því ágætum þýðanda bókarinnar sú tilhliðrun.

Mest skylt á samt umrædd bók við Benóní, fyrri bókina í tvíleiknum Benóní og Rósa sem margir þekkja úr þýðingu Jóns Sigurðarsonar, en fyrir Hamsunþýðingar sínar kallaði Halldór Laxness Jón frá Kaldaðarnesi „doktor og meistara íslenskrar tungu“. Aðalpersónurnar, Ove Rolandsen loftskæptamaður og pósturinn Benóní Hartvigsen, eru samskonar glúrnir alþýðumenn; klaufalegir í samskiptum við konur en keppa með hugviti sínu við stórveldi sinna byggðarlaga sem heita Mack á báðum stöðum og eru reyndar bræður. En það er kannski ekki hin dramatíska framvinda sem er aðalsmerkið hér fremur en í mörgum öðrum bókum Hamsuns heldur stillinn; þessi lotulangi, hrynfasti og jafnvel endurtekningsami still með hliðskipuðum setningum sem mynda langar málsgreinar; sefjandi á ekki ósvipaðan hátt og barroktónlist og nýtur sín kannski allra best í náttúrulýsingum bæði hið ytra og innra. Hamsunstillinn hafði gífurleg áhrif á heimsbókmenntirnar og gerir það enn, og varla voru margir af höfundum Vesturlanda á fyrstu áratugum liðinnar aldar ósnortnir af honum. Þá ekki endilega að menn væru að stæla hann; það gat raunar verið hvert á móti eins og virðist með okkar mann Halldór Laxness, en svo er að sjá að strax um tvisugt hafi hann ákveðið að feta ekki í fótspor norska stórmeistarans heldur hreinlega stilla sér upp á móti honum – velja sér hann sem viðmiðun. Það átti ekki við um Gunnar Gunnarsson; hann skrifaði auðvitað nokkurnveginn sama tungumál og gamli Knut og stíll Gunnars er oft mjög glæsilega hamsúnstur, eins og sést kannski best á Fjallkirkjunni (þar sem Hamsun raunar bregður fyrir) en merkilegt er í því ljósi að lesa snilldarþýðingu HKL á þeim mikla báki, þar sem hann getur ekki, ef hann á að vera trúur frumtextanum, gengið gegn sérkennilegri ljóðrænu hans, og má segja að útkoman verði blanda af röddum þessara snillinga þriggja.

Maður skilur vel að Jón Kalman Stefánsson hafi viljað spreyta sig á stíl og texta Hamsuns og hann kemst með ágætum frá því verki.



Einar Kárason

Verk Hamsun á íslensku

Viktoría - ástarsaga (1912, 1945, 1982, 2000 hljóðbók). Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi þýddi.

Pan - úr blöðum Tómasar Glahn liðsforingja (1924, 1968, 1994). Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi þýddi.

Sultur (1940). Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi þýddi.

Að haustnóttum (1946, 1983). Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi þýddi.

Grónar götur (1951, 1979). Skúli Bjarkan þýddi.

Tvennir tímar (1958). Hannes Sigfússon þýddi.

Gróður jarðar (1960, 1976, 1987, 2000 hljóðbók). Helgi Hjörvar íslenskaði.

Benóní (1962, 1985, 1999 hljóðbók). Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi og Andrés Björnsson þýddu.

Umrenningar (1972-73). Skúli Bjarman þýddi.

Rósa (1986, 1999 hljóðbók). Andres Björnsson þýddi.

Leynardómar (1991). Úlfur Hjörvar þýddi.

Loftskæptamaðurinn (2007). Jón Kalman Stefánsson þýddi.

Ljóð og smásögur Hamsun eru til víða í safnrítum og tímaritum í þýðingum eftir ýmsa.

KONUR Á BARM TAUGAÁFALLS OG MEÐVITUNDAR- LAUSIR MENN

AÐEINS TVÆR
SÝNINGAR
26. og 27.
OKTÓBER

ENDASTÖÐ AMERÍKA

LEIKGERÐ FRANKS CASTORFS
Á SPORVAGNINUM GIRND
EFTIR TENNESSEE WILLIAMS

NÚ ER HANN LOKSINS KOMINN TIL ÍSLANDS!

Frank Castorf er einn af virtustu leikstjórum í Evrópu og var Volksbühne valið besta leikhús Þýskalands undir listrænni stjórn hans. Endstation Amerika hefur farið sigurför um heiminn og lætur engan ósnortinn. Þetta er leiksýning sem leiklistaráhugafólk ætti ekki að láta fram hjá sér fara.

Hér er á ferðinni fyrsta flokks framsækið leikhús sem byggir á einu best skrifaða leikverki allra tíma Sporvagninum Girnd eftir Tennessee Williams.

Þorir þú að missa af þessari sýningu?

ÍSLENSKUR
TEXTI

Aðeins tvær sýningar - tryggð ykkur miða strax...

MÍÐASALA Í SÍMA 568 8000 - www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ



Mama Það var meiri háttar framkvæmd að koma kónguló Bourgeois fyrir við Tate Modern – heiti verksins, Mamma, vísar bæði til hins verndandi og banvæna í móðureðlinu.

LJÓSMYND: TATE PHOTOGRAPHY. MEÐ GÓDFÚSLEGU LEYFI TATE MODERN

Bernskusögur MEÐ ÓBERNSKUM BLÆ

Tíu metra há bronskónguló á Thamesbakkannum við Tate Modern-safnið er fyrsta ábendingin um yfirlitssýninguna innan dyra á verkum hinnar 95 ára Louise Bourgeois. Listakonan leitar efnis í æsku sinni og gælir við spennu og óhugnað í hálfisögðum sögum.

MYNDLIST SIGRÚN DAVÍÐSDÓTTIR

Bronskóngulóin er líka viðvörðun til þeirra kóngulóar-fælnu því kóngulær eru fastur liður í verkum Bourgeois, eru henni verndari og rándýr, ógn og móðir sem stöðugt bætir og bætir úr. Spinnandi áttfætlan tengist líka æsku Bourgeois í vefstofu fjölskyldunnar í París og þræðirnir þaðan eru rauðu þræðirnar, oft bókstaflega svo, í verkum hennar. Kónguló Bourgeois sást síðast þarna þegar Tate Modern var opnað árið 2000 – var þá í túrbínu-

afkimum. Það er varla til það safn eða sýningarsalur með metnað sem hefur ekki hýst sýningu á verkum Bourgeois undanfarna áratugi. En þrátt fyrir víðtækari skírskotanir en kynferðið verður nú samt að viðurkennast að það voru mun fleiri konur að skoða verk hennar þetta föstudagskvöld sem ég reikaði um salina á 4. hæð Tate Modern. Venjulegast er samt kynskiptingin nokkurn veginn jöfn þarna – en kannski eru bara fleiri karlar en konur hræddir við kóngulær.

sem var líka iðin við að sviðsetja sig á myndum.

Sýningin er að mestu í tímaröð, sem skýrir þemun og efnistökin í verkum hennar. Þó kenningar fyrri alda um að myndlist ætti að segja sögu væru gleymdar þegar Bourgeois var að komast á listalegg gættir sagna í list hennar frá fyrstu – engar sögur handar börnum þó síðar kæmi í ljós barnasaga í anda ævintýra þar sem ekki er allt sem sýnist.

Femme Maison', (Kona hús), frá 1945-47 er eitt fyrsta og elsta verkið á sýningunni – kona



Föst, flæðandi og freyðandi form

Fljótlega eftir að Bourgeois flutti að heiman hófust umsvifin sem standa enn – hún hélt sýningu 1936 en opnaði líka gallerí í teppagalleríi pabba síns og fór að sýna og selja verk listamanna eins og Eugène Delacroix, Pierre Bonnard og Henri Matisse. Einn gallerígestanna var bandaríski listfræðingurinn Robert Goldwater – París var vinsæll áfangastaður bandarískra listamanna og rithöfundna á þessum tíma. Þau Bourgeois og Goldwater giftust eftir

niðurstöðu um sína listsköpun. Á 5. áratugnum fór hún að þjást af svefnleysi og í trú á lausnarmátt teikninga hefur hún æ síðan teiknað í gríð og erg, einfaldar teikningar með stuttum texta. Rithönd hennar er sérkennilega barnleg og teikningarnar bergmála tilfinningarnar í verkum hennar: óhugnað, kvíða og missi. 'List tryggir heilbriggt geð', krotar hún á eina teikninguna.

Latex, gúmmí, gífs

Eftir tréskúlptúra, málverk og teikningar einkennast verk



Eitt það erfiðasta við að skoða sýninguna er að halda aftur af lönguninni til að fara höndum um marmaraverkin – þau virðast vera þarna eingöngu til að láta snerta sig!

Louise Bourgeois að teikna í stofunni heima í Chelsea, New York, 2000.

LJÓSMYND: JEAN-FRANÇOIS JAUSSAUD. MEÐ GÓDFÚSLEGU LEYFI TATE MODERN.



salnum þar sem sólf Ólafs Eliássonar átti síðar eftir að laða að 2,7 milljónir manna.

Listakonan kallar skúlptúrinn Maman, eða Mömmu – móður- og kvenhlutverkið löngum verið Bourgeois hugleikið. Verk hennar hafa enda orðið feministum athugunar-efni en þó sem betur fer ekki lokast inni í feminískum

Innilokun og óhugnaður

Á ganginum fyrir framan sýninguna spanna myndir af Bourgeois ævi hennar. Robert Mapplethorpe er þekktur fyrir reðmyndir og á hans mynd heldur Bourgeois á reðverki á stærð við myndarlegt lambalæri. Annie Leibovitz dvelur við eldfornt andlit Bourgeois – minnr á Karen Blixen

íklædd húsi eða að sprengja það utan af sér, móttíf sem sést oft. Sem brot á tímaröðinni er í fyrsta salnum verk frá 1990-93, Cell (Choisy) (Klefi) – vírklefi, á stærð við herbergi, með fall-öxi og nákvæmri marmaraeftirlíkingu af æskuheimilinu í Choisy. Viðbót við innilokunar-kennnd „konuhússins“ sem dró athygli femínista að verkum hennar uppúr miðri öldinni og dauðtáknrænt fyrir óræðan óhugnaðinn sem gegnsýrir verk hennar. Fyrsti salurinn er því hnitmiðaður formáli sýningarinnar.

Hún teiknaði frá því hún var barn, greip í að teikna í götin á veggteppunum sem foreldrar hennar gerðu við. Hún var samt ár í stærðfræði við Sorbonne áður en hún tók aftur upp listaþráðinn, fyrst í École des Beaux-Arts í París og svo í læri hjá listamönnum eins og þá var algengt, meðal annars hjá Fernand Légers sem var með marga nemendur. Þegar hún flutti að heiman 1936 fékk hún inni í sama húsi og gallerí surrealistans André Breton. Hún umgekkst surrealistana en þó aðrir þankar að brjótast um í henni.

stutt kynni, fluttu til New York 1938, ættleiddu franskan þriggjárning 1939 og eignuðust svo tvo stráka 1940 og 1941.

Goldwater var beintengdur listakreðsum New York, hjónin umgengust evrópska listamenn eins og André Breton, Marcel Duchamp, Max Ernst og Alberto Giacometti og listfræðinga, safnara og listamenn eins og Erwin Panovský, Peggy Guggenheim, John Cage, Willem de Kooning og Mark Rothko. Bourgeois var með vinnustofu undir opnum himni uppi á þaki innan um skýjakljúfana. Hún skynjaði að „Skýjakljúfarnir endurspeglu mannlegar aðstæður. Þeir snertast ekki.“ Úr urðu mjóir og langir skúlptúrar úr spýtum og öðru tilfallandi sem hún málaði og kallaði 'Personnage' (Persónur). Fígúrurnar vekja líka hugrenningar um tótem-styttur. Á sama tíma horfði Cobra-hópurinn sem Svavar Guðnason tengdist í svipaðar áttir.

Nóbelsverðlaunahafinn Doris Lessing fullyrðir að hún hefði gengið af vítinu ef hún hefði ekki skrifað. Bourgeois virðist hafa komist að sömu

Bourgeois frá 7. áratugnum af latex, gúmmí og gífsi í formum sem fljóta, freyða og ólga. Bourgeois dvaldi í marmaranámunum í Pietrasanta á Ítalíu 1968 og glímdi við marmara og brons. Eftir hraðunnin efni nær hún öldungis heillandi árangri í báðum þessum gömlu listefnum. Marmarinn verður mjúkur í höndum hennar og lífræn form hennar blómstra í honum. Eitt það erfiðasta við að skoða sýninguna er að halda aftur af lönguninni til að fara höndum um marmaraverkin – þau virðast vera þarna eingöngu til að láta snerta sig!

Varla hægt að nefna það í sömu andrá en verkin verða holdleg og lífræn, fallosar og aðrar kynferðislegar skírskotanir losna úr læðingi og heilir líkamar eða líkamshlutar eru um allt. Synirnir eru uppkomnir, faðir hennar lést 1951, eiginmaðurinn 1973: eftir að kynhlutverkum móður, dóttur og eiginkonu lýkur verður Bourgeois kröftugur listamaður, sköpunarþrekið botnlaust. Þegar kemur fram á 9. áratuginn fara viðurkenningar og stórsýningar að hrannast upp.

Sunnudagssteikin í ljósi skelfingar

Eins og til að marka þessi æviskil sýndi Bourgeois fyrsta „klefann“ 1974, 'The Destruction of the Father' (Tortíming föðurins) – hellir með sveppakenndum formum í rauðu ljósi. Hún segir verkið tjá hið 'ógnarlega matarborð fjölskyldunnar þar sem faðirinn situr sjálfumgláður fyrir endanum. Og hvað geta börnin og konan gert? Þau sitja þarna þegjandi. Móðirin reynir auðvitað að gera harðstjóranum, eiginmanninum, til geðs. Börnin eru full örvæntingar... og í örvæntingu þrífum við manninn, hentum honum á borðið, skárum hann í bita og gleypum í okkur.' Þessi óhefðbundna útgáfa af sunnudagssteikinni bætir við og skýrir hugarheim Bourgeois.

Þegar hún birtir safn æskuljósmynda í tímaritinu Artforum 1982 var titillinn 'Barnamisbeiting' og snerist um ensku barnfóstruna Sadie „en hún svaf hjá pabba... Þið spyrjið væntanlega,“ skrifaði Bourgeois, „hvernig standi á því að í millistettarfjölskyldu hafi ástkona verið þarna eins og hvert annað húsgagn? Jú, ástæðan er sú að mamma tók þessu og það er leyndardómurinn. Af hverju gerði hún það? Og hvaða hlutverki gegndi ég þá í þessum leik? Ég var peðið. Sadie átti að vera þarna sem kennari minn en þú mamma notaðir mig til að fylgjast með eiginmanni þínum. Þetta er barnamisbeiting. Af því Sadie, ef ég má segja svo, átti að vera fyrir mig. Þess í stað sveik hún mig. Ég var skramb-

inn hafi það ekki aðeins svikin af pabba heldur líka af henni. Þetta voru tvöföld svik.“

Nakinn hauslaus karllíkami

Maður þarf ekki að þekkja sögu Bourgeois til að skynja verkin en ég skil þó ekki af hverju sýningararkráin ýjar aðeins að greininni en rekur hana ekki. Sumir segja að listakonan hafi ekki aðeins nýtt sér eigin sögu heldur fært hana ærlega í stíllinn – en gera góðir sögumenn það ekki alltaf?

Eftir að Bourgeois kom sér upp stórrí vinnustofu 1980 stækkuðu verkin. Í „Cells“, sem skírskota bæði til „klefa“ og „frumna“ raðar hún líkamshlutum, garnkeflum, fötunum sínum, risastórum karlmannafrakka, speglum og rúmum í vírbúr eða klefa. Yfir einum þeirra trónir auðvitað könguló.

Kannski er svífandi bronsstytta af nöktum hauslausum karllíkama frá 1993, 'Arch of Hysteria' (Bogi móðursýkinnar), frekara tákni um frelsi hennar, ku vera líkami aðstoðarmanns hennar. Líkaminn fettir sig í boga og vísar til hugmynda franska læknisins Jean Martin Charcot, kennara Freuds. Verk Bourgeois bergmála Sókrates: ekki þess virði að lifa óathuguðu lífi.

Eftir að hafa unnið í öll hugsanleg efni hneigðist Bourgeois til saumaskapar – saumar fígúrur úr frotté með kunnuglegum þemum. Listamenn eins og Ólafur Elíasson vinna tæknilega fullkomin stórverk með hópi sér-

fræðinga – saumaskapur Bourgeois minnir á að einföld útfærsla getur rúmað stórbrotnar hugmyndir. Líkt og 'kúnstugheita-kabínett' fyrri alda er síðasti salurinn fullur af gömlum og nýjum smáverkum sem hnykkja á sífelldum skírskotunum Bourgeois í eigin verk.

Hálmálin sköp

Í Hauser & Wirth-galleríinu innan um glæsibúðirnar á Bond stræti er sýning á nýjustu verkum Bourgeois: stytur sem hún býr til með því að dýfa fötunum sínum í gifs og móta í skúlptúra sem minna á skúlptúrana sem hún gerði fyrst með skýjakljúfana í auglýsingu. Hálmálin umhverfast í form sem minna bæði á varir og sköp. Föt tengjast oft atburðum, fataverkin vísa því enn til endurminninga. Og fót hafa skipt hana máli alveg frá því hún var stelpa í Channel-kjólum.

Bourgeois sást ekki á opnun Tate-sýningarinnar, hefur í rúman áratug sjaldnast yfirgefið híði vinnustofunnar – dauðtákn-rænt að hún bjó til verk sem heitir 'Lair', (Híði), 1962. Á hverjum laugardegi er hún með opið hús þar sem listamenn bera verk sín undir hana. Reyndar liggur henni svo lágt rómur núorðið að aðstoðarmenn hennar mæla fyrir hennar munn. En eins og sýningin í Tate Modern sannar enn einu sinni er rómurinn í verkum Bourgeois bæði sterkur og magnaður – og egóíð nógur efniviður í rúma sjö áratugi.



Mannlíkaminn tekur á sig margar myndir í verkum Bourgeois. Í 'Arch of Hysteria', 1993, er karllíkamið 'móðursjúkur', ekki kvenlíkaminn eins og í sálfræðikenninum 19. aldar sem verkið vísar í. Cheim & Read, Galerie Karsten Greve, Hauser & Wirth.

LJÓSMYND: ALLAN FINKELMAN. © LOUISE BOURGEOIS MED GÖDFÚSLEGU LEYFIFATE MODERN.

Louise Bourgeois

Tate Modern – 20. janúar 2008.

Louise Bourgeois: Fædd í París 25.12. 1911.

1933-38: Myndlistarnám og læri.

1939: Flytur til New York og hefur búið þar síðan.

1982: Bourgeois er fyrsta konan sem Museum of Modern Art heiðrar með yfirlitssýningu.

1993: Fulltrúi Bandaríkjanna á Feneyja-tvíværingnum.

1998: Bourgeois-sýning á Listahátíð.

2007: Yfirlitssýning í Tate Modern sem mun standa til 20. janúar 2008.



Þau eru á fjölunum núna

Fimm spennandi verk í Þjóðleikhúsinu

Sjáðu og heyrðu meira á leikhúsid.is

Óhapp!
eftir Bjarna Jónsson

„Þetta er „stundarfríður“ okkar tíma og ég vona að sýningin fái engan fríð fyrir æstum áhorfendum.“

Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is

NÝTT ÍSLENSKT

LEG
eftir Hugleik Dagsson og Flís

NÝTT ÍSLENSKT

Yfir 9.000 áhorfendur og 12 Grímutilnefningar

„...hárrétt blanda af gáfulegheitum og fíflagangi.“

Helga Rakel Rafnsdóttir, Kistan.is

Síðasta sýning 24. nóvember.

Hamskiptin
eftir Franz Kafka

Rómuð uppfærsla Vesturports

★★★★

„Nýstárleg og skemmtileg leiksýning“ . Elisabet Brekkan, Fréttablaðið

Síðasta sýning 1. desember.



Barnasýningin GOTT KVÖLD í Kúlunni – hugljúf sýning með söngvum

HJÓNABANDSGLÆPIR í Kassanum – áleitið verk um ástina eftir Eric-Emmanuel Schmitt

LUCIE-VERÐLAUNIN

Þ

að eru myndir hvert sem maður lítur. Samtími okkar er myndvæddur í meira lagi, svo mjög að við erum hætt að taka eftir raunverulegum myndum sem ber fyrir augu okkar allan daginn og við njótum líka í svefni. Nei, við tökum bara eftir ljósmyndinni, rammanum, rétt eins veruleiki okkar sé aðeins séður með linsunni. Og um ljósmyndaiðnaðinn hverfist mikið fjármagn. Hann sefur aldrei, það er aldrei hlé, á hverju augnabliki verður ekki ein mynd til, heldur margar. Eins og við séum ekki til nema á mynd.

Á mánudagskvöld hittist í Lincoln Center í New York stór hópur fólks sem lifir og hrærist í ljósmyndum. Það var þar saman komið á fimmtu Lucie-hátíðinni sem var sett á stofn fyrir fimm árum til að auka virðingarstöðu ljósmyndara í heiminum. Fólkið var þrúðbúið enda boðsbréfin send út með vinsamlegum tilmælum um snyrtilegan klæðnað. Annar hver maður var með myndavél og endalaust var verið að skjóta. Í einu horni hins glæsilega fordyris var upprisið studíó og þar var strax komin röð af fólki sem vildi fá af sér mynd. Hátíðin fór glæsilega fram: þar voru heiðraðir nokkrir snillingar úr hópi ljósmyndara heimsins, menn komnir á efri ár. Á hátíðina var settur show-business blær: Lily Taylor kynnti, Lou Reed veitti gömlum vini sínum verðlaun, Snowdon lávarður ávarpaði samkomuna af bandi og Jeff Bridges heiðraði hinn kunna auglýsingaljósmýndara Howard Zieff. Andakt fór um salinn þegar minnst var látinna meistara, sá síðasti féll fyrir byssukúlu í Írak vikunni fyrr.

Myndirnar sem þarna voru til marks um yfirburði þeirra sem voru heiðraðir sýndu líka að hluti af ljósmyndaiðnaði heimsins er að kljást við ljótasta hlutann af lífi hér á jörð: hatursorðin sem féllu af verðlaunapalli í garð stríðs voru sögð af mönnum sem hafa séð – og sýnt okkur – grimmd mannsins í sinni nöktustu mynd: Bush var hrakryrtur við innilegan fögnuð viðstaddra.

En þar var líka margt annað lofað: Pilsner Urquell bjórframleiðandinn tékkneski var meginstyrktaraðili hátíðarinnar og að hans frumkvæði voru veitt verðlaun í nýjum flokkum: Alþjóðlegu ljósmyndaverðlaunin í tveimur flokkum og fóru þau til ungra ljósmyndara. Magnum-ljósmýndafyrirtækið var heiðrað sérstaklega, tímarit ársins valið, bókaútgáfa á þessu sviði, myndstjórn á blöðum sem féll í hendur myndritstjóra Sports Illustrated, umbrot á ljósmyndaröð fór til þeirra á Harper's Bazaar.

En flestir voru að biða eftir gömlu brýnunum: Elliott Erwitt, Ralph Gibson, Philip Jones Griffiths, Heinz Klutmeier, Eugene Richards, Snowdon lávarði, Howard Zieff, Kenro Izu og Deborah Turbeville. Þau komu öll fram og þökkuðu fyrir sig. Og myndir þeirra segja meira en mörg orð um hvers vegna þau voru heiðruð.

Pilsner Urquell vill færa veldi þessara verðlauna út: hingað til lands kemur í nóvember sýning með nokkrum myndum þeirra sem voru verðlaunaðir í fyrra og samfara því mun umboðsaðili bjórsins hér á landi, Mekka, efna til samkeppni. Og ekkert er því til fyrirstöðu að íslenskir ljósmyndarar geti á næsta ári keppt til sigurs við jafningja sína frá þeim rúmlega hundrað löndum sem í ár áttu fulltrúa í Lucie-verðlaunum.

- pbb

HÉR Á OPUNNI GEFUR AÐ LÍTA NOKKUR DÆMI UM VERK VERÐLAUNAHAFANNA FRÁ SÍÐASTA MÁNUDAGSKVÖLDI. ALLAR ERU ÞÆR BIRTAR MEÐ GÓFÚSLEGU LEYFI PILSNER URQUELL LUCIE AWARDS 2007.



Deborah Turbeville tók til við ljósmyndir eftir feril í tiskubransanum í New York þar sem hún vann á Harper's og Mademoiselle. Hún gerbreytti tiskuljósmýndun með því að færa það fag nær tilraunakendri vinnslu og tókutækni. Verk hennar hafa birst í öllum helstu tiskublöðum heims og hún hefur unnið myndaraðir fyrir bókverk. Hún hefur hlotið ýmsan sóma af hálfu tiskubransans en var á mánuðag heiðruð fyrir framlag sitt til tiskuljósmýndunar.



Philip Jones Griffiths er Walesmaður og menntaður sem lyfjafræðingur. Hann fór að taka myndir í aukavinnu fyrir Manchester Guardian og þaðan lá leið hans í sérverkefni fyrir Observer: hann var í Alsír 1962. Var tekinn í Magnum 1966 og var þá kominn til Vietnam: bók hans um stríðið, Vietnam Inc. var unnin á þriggja ára tímabili og er enn talin ein gleggsta heimild sem til er um stríðið. Hann hefur gert nokkrar heimildarmyndir en er kunnastur fyrir bókverk sín. Hann hefur myndað í 120 löndum og á nokkrar þekktustu fréttamyndir síðustu aldar. Hann var heiðraður fyrir framlag sitt til fréttaljósmýndunar.



Öll laus störf í leikskólum eru auglýst á www.leikskolar.is. Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



STARFSMENN ÓSKAST Lagerstarfsmenn.

Óskast til starfa sem fyrst.

Lyftararéttindi æskileg.

Áhugasamir sendi inn umsókn á

hjortur@plastprent.is

eða hafið samband við Hjört í síma 564 1990



Plastprent hf.
Fosshálsi 17-25 • Sími 580 5600



Plastprent hf. er leiðandi fyrirtæki í umbúðaiðnaði á Íslandi og hefur í 50 ár þjónað öllum sviðum atvinnulífsins. Hjá fyrirtækinu starfa 120 starfsmenn sem þjóna viðskiptavinum bæði innanlands og erlendis. Plastprent hf. hefur vottað gæðakerfi samkvæmt ISO 9002 og BRC stöðlum. Plastprent er einnig með starfsemi erlendis þar sem starfa um 250 starfsmenn.



Hjúkrunarfræðingar -dagvinna

Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa á lungnadeild A-6 og göngudeild A-3, Fossvogi.

Starfið felur í sér:

- móttöku og eftirfylgni við sjúklinga sem koma til greiningar, meðferðar og eftirlits vegna svefn háðra öndunartreflana.
- hjúkrun sjúklinga í öndunarvélum á lungnadeild m.a. þeirra sem eru háðir öndunarvél til fram búðar og útskrifast heim.

Lögð er áhersla á einstaklingahæfða og fjölskyldu-miðaða hjúkrun. Þjálfun og kennsla umönnunar-aðila er stór þáttur í starfinu.

Hjúkrunarfræðingar á svefnrannsóknareiningu starfa í teymi með læknum, tæknimönnum og sjúkralið-um. Unnið er í dagvinnu.

Um er að ræða starf sem krefst sjálfstæðra vinnu-bragða og hæfileika til að vinna í hópi. Grunnfærni í tölvunotkun er nauðsynleg. Skemmtilegt, gefandi og krefjandi starf fyrir þá sem geta unnið sjálfstætt og vilja taka þátt í uppbyggingu og þróun nýrra verkefna. Jákvætt andrúmsloft þar sem rannsóknir og nýjungar eru hluti af daglegu starfi.

Umsóknir berist fyrir 5. nóv. 2007 til Öldu Gunnarsdóttur, deildarstjóra A-6, netfang: aldagunn@landspitali.is, símar 543 6677, 825-5037 og veitir hún upplýsingar ásamt Björgu Eysteinsdóttur, hjúkrunarfræðingi í síma 543 6673.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublað fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningu í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Landspítali er reyklus vinnustaður.

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

Íslensk erfðagreining auglýsir eftir duglegum og sjálfstæðum einstaklingum til starfa í alþjóðlegu starfsumhverfi sem einkennist af nýsköpun, hugmyndavinnu og góðum starfsanda

Sérfræðingur á erfðarannsóknasviði (GMT)

Research Associate in Genomics and Molecular Technologies

Starfið felst í rannsóknum á tjáningu gena og próteina í frumum/frumulínunum. Meðal verkefna eru frumuvinna, próteinvinna, tjáningartilraunir auk vinnu með mótiefni og genaferjur. Öll störf í deildinni eru unnin í hópum sem starfa saman að ákveðnum verkefnum í samvinnu við aðra sérfræðinga og hópstjóra Íslenskrar erfðagreiningar.

Hæfniskröfur

Hæfniskröfur: Háskólapróf (B.Sc. eða M.Sc.) í sameindalíffræði, lífefnafræði eða skyldum greinum. Reynsla af störfum á rannsóknarstofu og frumulíffræði er nauðsynleg og reynsla af vinnu með frumulínur er kostur. Við leitum að duglegum og röskum einstaklingi sem er sjálfstæður, skipulagður og á auðvelt með að vinna með öðrum.

Sérfræðingur á erfðarannsóknasviði (GSF)

Research Associate in Genetic Service Facility

Starfið felst í uppsetningu og framkvæmd rannsókna sem miða að því að þróa greiningaraðferðir og auka skilvirkni og gæði framleiðslu í þjónustu-deild erfðarannsóknasviðs. Starfið felst einnig í skipulagningu, mati á vinnuaðferðum og innleiðingu nýrra greiningaraðferða sem tengjast vinnuferlum, gæðaeftirliti og þeirri þjónustu sem deildin veitir á sviði mannerfðafræði.

Hæfniskröfur

B.Sc. í líffræði, lífefnafræði eða efnafræði auk reynslu af starfi á rannsóknarstofu. Við leitum að metnaðarfullum og röskum einstaklingi sem er sjálfstæður, þjónustulundaður og á auðvelt með að vinna með öðrum.

Aðstoðarmenn á rannsóknarstofu

Research Assistants – Genetic Services

Um er að ræða störf við undirbúning sýna og umsjón rannsóknatækja í grunnframleiðsludeildum fyrirtækisins. Störfin eru krefjandi og áhugaverð en á rannsóknarstofunni eru búin til lykiloggn fyrir erfðafræðirannsóknir fyrirtækisins.

Hæfniskröfur

Hæfniskröfur eru stúdentspróf eða sambærileg menntun, góð almenn tölvukunnátta og a.m.k. 1-2ja ára starfsreynsla af vinnumarkaði. Um er að ræða framtíðarstörf og verður einungis í ráðið í fullt (100%) starf.

Starfsmaður á dýratilraunastöð

Research Assistant – Drug Discovery/Animal facility

Starfið felst í aðstoð við dýratilraunir og mun starfsmaður hljóta sérstaka þjálfun fyrir starfið. Hluti af starfinu (um 20%) er fölginn í umsjón með tilraunadýrum.

Hæfniskröfur

Menntun á sviði líffræði er æskileg og reynsla af vinnu við tilraunadýr eða á dýratilraunastöð er kostur. Leitað er að einstaklingi sem er tilbúinn til að læra nýja hluti, er stundvís og skipulagður og getur unnið sjálfstætt.

Umsækjendur um sérfræðingsstöður eru beðnir að láta fylgja með umsókn stutt yfirlit um reynslu af rannsóknarstörfum, þ.m.t. aðferðir sem notaðar voru, auk lýsingar á áhugasviði.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigríður E. Guðlaugsdóttir Starfsmannastjóri ÍE careers@decode.is eða má finna á www.decode.is

Sérfræðingur á Tölfræðisviði

Research Scientist/Associate - Statistics Department

Starfið felur í sér tölfræðilega úrvinnslu gagna í tengslum við sjúkdóma-verkefni og þróun nýrra tölfræðiaðferða við þá úrvinnslu. Vinnan felst meðal annars í útreikningum á sambandi stakra erfðamarka og haplótýpa við svipgerðir, arfgengi og erfðafræðilegri áhættu skyldmenna, tengslaggreiningu, tengslaójafnvægi, samverkandi áhrifum milli sjúkdómsgena og erfðum magnbundinna eiginleika. Starfsmenn á tölfræðisviði koma einnig að gæðastjórnun á framleiðslu gagna, sem og undirbúningi einkaleyfaumsókna og vísindagreina til birtingar í alþjóðlegum vísindatímaritum. Að mestu er unnið í Linux stýrikerfi með forritum sem þróuð hafa verið innan deildarinnar.

Hæfniskröfur

Leitað er eftir fólki með M.S. eða Ph.D. gráðu í tölfræði, líftölfræði eða á skyldum sviðum. Þekking á skeljaforritun og forritun í C++, C, S-Plus/R, Python og Perl er mikill kostur.

Verkefnisstjóri í Smitsjúkdómadeild

Project leader – Infectious Diseases

Við leitum að vísindamanni til að leiða verkefni innan smitsjúkdómadeildar sem hafa það að markmiði að einangra og rannsaka frekar erfðabreytileika sem tengjast smitsjúkdómum. Við rannsóknirnar eru tvinnuðar saman aðferðir sameindalíffræði, tölfræði, erfðafræði og lífefnafræði. Unnið er í hópum í náinni samvinnu erfðarannsóknasviðs við aðrar deildir fyrirtækisins sem og stofnanir og háskóla í Bandaríkjunum, Evrópu, Afríku og Asíu.

Hæfniskröfur

Háskólapróf (Ph.D. eða M.D.) í sameindalíffræði, lífefnafræði, læknisfræði, tölfræði og stærðfræði eða skyldum greinum. Reynsla af störfum á rannsóknarstofu er nauðsynleg. Við leitum að öguðum, duglegum og sjálfstæðum einstaklingi sem vinnur vel í hóp

Verkefnastjóri á styrkjasviði

Project Manager – Non-commercial Contracts

Vegna vaxandi umsvifa leitum við að einstaklingi með þekkingu á verkefnastjórnun til starfa á styrkjasviði ÍE við fjármögnun og framkvæmd rannsóknaverkefna fyrirtækisins.

Helstu verkþættir

Rekstur rannsóknaverkefna í samvinnu við vísindalega stjórnendur þeirra. Samskipti við erlenda og innlenda samstarfsaðila í styrktum verkefnum. Umsókna- og skýrslugerð, og undirbúningur funda. Tengsl við erlendar og innlendar stofnanir og styrkjaveitur.

Viðkomandi þarf:

- að hafa háskólapróf B.Sc./M.Sc. í raunvísindum, verkfræði, viðskiptafræði eða fjármálum
- að hafa starfað við verkefnaumsjón og áætlanagerð
- að kunna að nota tölvutækni til verkefnastjórnar (t.d. Excel og Microsoft Project)
- að vera skipulagður, ákveðinn og góður í samskiptum
- að hafa mjög gott vald á ensku.



Matreiðslunemi óskast á Hótel Sögu

Okkur á Hótel Sögu vantar
matreiðslunema í liðsheild okkar.

Nánari upplýsingar gefur Karl í síma 820 9919
virka daga milli kl. 10 og 14, eða í tölvupósti
karl.davidsson@radissonsas.com

Radisson SAS Hótel Saga er 4 stjörnu hótél, búið öllum helstu þægindum, í einungis nokkurra mínútna göngufjarlægð frá hjarta Reykjavíkur. Það er nútímalegt hótél byggt á sigildum hefðum þar sem geði, þjónusta og yfirburðir á öllum sviðum eru í fyrirrúmi. Radisson SAS Hótel Saga er hluti af Rezidor SAS sem rekur hátt í 300 hótél í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku. Hjá Hótel Sögu starfa um 100 starfsmenn.

Radisson SAS
SAGA HOTEL, REYKJAVÍK

PIPAR • SÍA • 72056

RÁÐGJAFAR
VIÐSKIPTARÁÐGJÖF
GARÐASTRÆTI 36
101 REYKJAVÍK
SÍMI 544 2400
WWW.RADGJAFAR.IS

Meðeigandi/starfsmaður

Leitum að meðeiganda sem jafnframt verður starfsmaður í þektri barnafataverslun í Kringlunni. Verslunin hefur starfað í nokkur ár og stundar innflutning og smásölu á þekktum vörum. Til greina kemur að selja allan reksturinn. Gott tækifæri fyrir vanan aðila. Miklir stækkunar og framtíðarmöguleikar.

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við fulltrúa Ráðgjafa ehf. í síma 544 2400

**HEILSUGÆSLAN
SALAHVERFI**

Heilsugæslulæknir

Heilsugæslan í Salahverfi auglýsir eftir sérfræðingi í heimilislækningum í fullt starf. Um er að ræða nýja stöðu læknis. Áhugavert starf á heilsugæslustöð í nýju og vaxandi íbúahverfi.

Sveigjanlegt starfs- og launafyrirkomulag.

Umsóknarfrestur ert til 1. des. n.k.

Upplýsingar um starfið veita læknamir Böðvar Örn Sigurjónsson og Haukur Valdimarsson í síma 590-3900.

Umsóknir sendist Hauki Valdimarssyni, yfirlækni Heilsugæslunni Salahverfi, Salavegi 2, 201 Kópavogi

PÓSTURINN
allur pakkinn

Bílstjórar

– vaktavinna eða hlutastarf á kvöldin

Íslandspóstur óskar eftir bílstjórum til útkeyrslu á minni sendibilum á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða vaktavinnu í fullu starfi eða hlutastarfi á kvöldin.

Hæfniskröfur:

- Bílpróf í gildi í minnst 2 ár (fullnaðarskírteini)
- Hreint sakavottorð
- Stundvísi, snyrtimennska og góð þjónustulund

Umsóknum skal skilað til:

Íslandspóstur hf.
Póstmiðstöð
Linda Björk Jónsdóttir
Stórhöfða 32
110 Reykjavík
Merk: Bílstjórar

Starfsumsókn er einnig hægt að fylla út á www.postur.is



Borgun Hugbúnaðarsérfræðingur

Um Borgun hf.

Borgun hf. starfar á sviði greiðslumiðlunar og er leiðandi í þróun viðskiptalausna og þjónustu við korthafa og banka og sparissjóði sem gefa út MasterCard og Maestro greiðslukort.

Fyrirtækið er einnig í fararbroddi í þjónustu við seljendur sem veita MasterCard, Maestro, American Express, JCB og DinersClub greiðslukortum viðtöku.

Fyrirtækið hefur sterk alþjóðatengsl og hefur sett sér að vera efnisráðgjafi samstarfsaðili Íslands á sviði greiðslumiðlunar og tengdrar starfsemi.

Borgun hf. er reyklusá vinnustaður.

Upplýsingatæknisvið leitar eftir tölvunarfræðingi, kerfisfræðingi eða einstaklingi með sambærilega menntun, sem er tilbúinn til þess að takast á við krefjandi verkefni í framsæknu umhverfi.

Helstu verksvið og ábyrgð

- Þróun og viðhald á nýju upplýsingakerfi Borgunar
- Þjónusta við notendur
- Bakvaktir

Menntunar- og hæfniskröfur

- Alhliða þekking og reynsla í forritun í vefviðmóti með Java/JSE/Vefþjónustum
- Góð þekking á gagnagrunnum
- Gott vald á enskri tungu
- Metnaður til að ná miklum árangri í starfi
- Lípurð í mannlegum samskiptum
- Hafa frumkvæði og eiga auðvelt með að vinna í hóp

Í nýju upplýsingakerfi félagsins er stuðst við hugbúnaðarferli IBM Rational, Rational Unified Process, DB2 gagnagrunn, Java/JSE/Vefþjónustur og IBM iSeries.

Umsóknir

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bergþóra K. Ketilsdóttir, forstöðumaður Upplýsingatækni, netfang bkk@borgun.is, sími 560 1600.

Áhugasamir eru beðnir um að senda umsóknir á www.borgun.is/starfsumsokn Umsóknarfrestur er 28. október.



Borgun hf. • Ármúla 30 • IS-108 Reykjavík • s. 560 1600 • f. 560 1601 • kt. 440686-1259 • borgun@borgun.is • www.borgun.is

www.mos.is **MOSFELLSBÆR**

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

Styrkumsóknir

Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar auglýsir eftir umsóknum um styrki til verkefna á sviði fjölskylduþjónustu í Mosfellsbæ.

Umsóknir skulu berast þjónustuveri Mosfellsbæjar Þverholti 2, 1. hæð, á þar til gerðum eyðublöðum í síðasta lagi 30. nóvember 2007. Eyðublöðin má nálgast í þjónustuverinu og á heimasíðu bæjarfélagsins www.mos.is/tilkynningar

Umsóknir sem berast eftir þann tíma hljóta að jafnaði ekki afgreiðslu. Aðilar sem fengu styrk á síðasta ári þurfa að skila inn greinargerð um ráðstöfun hans.

Afgreiðsla styrkumsókna fer fram fyrir lok mars 2008.

Forstöðumaður fjölskyldusviðs

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Kennarastaða á unglíngastigi

Kennarastaða við Lundarskóla er laus vegna fæðingarorlofs frá 1. desember. Því vantar okkur umsjónarkennara á unglíngastig út skólaárið. Kennslugreinar danska og íslenska.

Upplýsingar veitir Þórhildur Helga Þorleifsdóttir, skólástýra (thelga@akureyri.is) eða Gunnar Jónsson aðstoðarskólástjóri (gunnarj@akureyri.is) í síma 462-4888.
veffang: <http://www.lundarskoli.akureyri.is/>

Tekið verður tillit til samþykktar bæjarstjórnar Akureyrar um jafnréttismál við ráðningu í störf. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi KÍ og Launanefndar sveitarfélaga.

Upplýsingar um kaup og kjör veitir starfsmannþjónusta Akureyrarbæjar í síma 460-1060.

Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu Akureyrarbæjar:
www.akureyri.is/auglysingar/atvinnuumsokn/auglyst-starf

Umsóknarfrestur er til 5.nóvember 2007.

Viltu vinna með okkur ?

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki á heimili fatlaðs fólks að Svöluási í Hafnarfirði.

Helstu verkefni:

- Veita þjónustunotendum stuðning við athafnir daglegs lífs
- Fylgja eftir þjónustuáætlunum
- Samstarf við aðstandendur

Hæfniskröfur:

- Áhugi á málefnum fatlaðra
- Þjónustulund og jákvæðni í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Framtaksemi og samvirkusemi

Í boði er:

- Spennandi og lærdómsríkt framtíðarstarf
- Öruggt starfsumhverfi
- Öflugur stuðningur í starfi, þjálfun og námskeið
- Fjölbreytt verkefni

Leitum að þroskaþjálfum, stuðningsfulltrúum og félagsliðum

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi SFR eða ÞÍ. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofutíma í síma 525-0900. Sjá einnig auglýsingu á heimasíðu Svæðisskrifstofu Reykjaness www.smfr.is. Umsóknarfrestur er til 5.nóvember nk.

Svæðisskrifstofa Reykjaness sem staðsett er á stórhöfuðborgarsvæðinu er áhugaverður vinnustaður sem sinnir fjölbreyttri þjónustu á heimilum fatlaðra, á hæfingarstöðvum, starfsþjálfunarstað og skammtímavistunum.

smfr
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjaví

Svæðisskrifstofa Reykjaness // Fjarðargötu 13-15,
Hafnarfirði // s: 525 0900 // www.smfr.is

Rafport

Sölumaður / rafvirki

Óskum eftir sölumanni / rafvirkja

Starfið felur í sér sölu á raflagnaefni af öllu tagi ásamt ráðgjöf. Skilyrði er að viðkomandi sé rafvirki eða með haldgóða þekkingu á raflagnaefni. Við leitum að áhugasömum einstaklingi, sem getur hafið störf sem fyrst. Við bjóðum skemmtilegt starfsumhverfi í samheldnum hópi yngri og eldri starfsmanna.

- > Áhugasamir hafi samband við Jón Þór í síma 897 7383 eða sendi umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf á netfangið jonthor@rafport.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Rafport | Nýbýlavegi 14 | 200 Kópavogur | Sími 554 4443 | Fax 554 4102 | www.rafport.is | rafport@rafport.is

M.A.C

VILTU VERÐA HLUTI AF ÖFLUGU TEYMI SEM FER ÓTROÐNAR SLÓÐIR VIÐ SÖLU Á SNYRTIVÖRUM?

MAC óskar eftir að ráða förðunarfólk til starfa í verslun sína í Kringlu.

Starfsmenn MAC hafa brennandi áhuga á förðun og tísku. Þeir eru menntaðir í förðun, sýna frumkvæði og hafa mikla þjónustulund. Við leitum að fólki sem vill bætast í hópinn. Bæði vantar okkur fólk í fullt starf og hlutastarf.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda ferilskrá ásamt mynd á lisa@artica.is

M·A·C KRINGLUNNI, 2 HÆÐ

Spennandi störf í Þjónustudeild á Upplýsinga- og tæknisviði Kaupþings

Vegna aukinna verkefna leitar Kaupþing að öflugum einstaklingum til starfa í Þjónustudeild. Við leggjum áherslu á að ráða starfsfólk sem hefur ríka þjónustulund, framúrskarandi samskiptahæfileika, á auðvelt með að vinna í hópi og er tilbúið að leggja sig fram við að afla sér þekkingar og tileinka sér ný vinnubrögð. Nýtt starfsfólk fær viðeigandi þjálfun í bankastarfsemi og kerfum bankans.

Þjónustuborð Upplýsinga- og tæknisviðs

Starfssvið

- Eftirlit með kerfum bankans, vandamálagreining og úrlausnir
- Almenn notendaaðstoð við starfsmenn bankans
- Móttaka/úrvinnsla beiðna vegna tæknilegra vandamála í vél- og hugbúnaði
- Stofnun notenda og aðgangsstýring að kerfum bankans

Menntunar- og hæfniskröfur

- Haldgóð tölvuþekking
- Þekking á Microsoft-umhverfi kostur
- Þekking á bankaumhverfi er kostur
- Þekking á vörum og þjónustu bankans er kostur
- Mikil þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Íris Guðrún Ragnarsdóttir á Starfsmannasviði, sími 444-6377, netfang: iris.ragnarsdottir@kaupthing.com.

Umsóknarfrestur er til og með 30. október 2007.

Umsækjendur sækja um á vefsíðu bankans: www.kaupthing.is.

Tæknipjónusta á Upplýsinga- og tæknisviði

Starfssvið

- Uppsetning vélbúnaðar og hugbúnaðar
- Bilanagreining og úrlausn tæknilegra vandamála
- Aðstoð og þjónusta við starfsmenn bankans
- Kerfisumsjón

Menntunar- og hæfniskröfur

- Góð tæknileg þekking
- Þekking á Microsoft-umhverfi
- Microsoft-próf kostur
- Mikil þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum



KAUPÞING

Hugsam lengra

Skrifstofustjóri

ARKÍS

ARKÍS er framsækið alhliða hönnunar- og ráðgjafarfirmatæki sem hefur starfað frá árinu 1997. ARKÍS er ein af stærstu arkitektastofum landsins og rekur teiknistofur bæði í Reykjavík og á Egilsstöðum, auk umtalsverðra umsvifa erlendis. Starfsmenn ARKÍS hafa breiðan grunn menntunar og reynslu. Hjá fyrirtækinu starfa m.a. arkitektar, innanhússarkitektar, byggingafræðingar, skipulagsfræðingar, verkfræðingar og tækniteknarar.

Sjá nánar á www.ark.is

Arkís ehf. óskar eftir að ráða skrifstofustjóra til starfa. Um framtíðarstarf er að ræða í framsæknu og skapandi umhverfi.

Starfssvið:

- Ábyrgð á fjármálagri stjórnun
- Kostnaðareftirlit og samningagerð
- Verkbókhalð og uppgjör verka
- Almennur rekstur skrifstofu
- Önnur rekstrar- og mannauðstengd verkefni

Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði viðskiptafræða eða sambærilegt
- Reynsla af fjármálatengdum störfum
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Drifkraftur og metnaður til að ná langt í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 29. október nk.

Upplýsingar veita Inga Steinunn Arnardóttir og Elísabet Sverrisdóttir. Netfang: inga@hagvangur.is og elisabet@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is



Rafvirki

Við óskum að ráða rafvirkja til starfa hjá Norðuráli á Grundartanga. Um framtíðarstarf er að ræða og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Hvers væntum við?

Við leitum að rafvirkja með sveinspróf.

- Góð samskiptahæfni og starfsáhugi
- Geta til að vinna sjálfstætt og útsjónarsemi
- Reynsla af vinnu í iðnaðarumhverfi eða við sambærileg störf er æskileg
- Kunnátta í ensku og almennri tölvunotkun kemur í góðar þarfir

Hvað veitum við?

Við bjóðum þér gefandi starf hjá nútímalegu fyrirtæki. Þú vinnur mikilvæg verk með góðu samstarfsfólki og við tökum vel á móti þér. Verkefni rafvirkja eru fjölbreytt og felast m.a. í viðhaldi, bilanaleit, endurnýjun og endurbótum á rafbúnaði Norðuráls.

- Góður aðbúnaður og mótuneyti á staðnum
- Starfsþjálfun og símenntun
- Atvinnuöryggi, traustar tekjur og laun að hluta árangurstengd
- Fyrirtækið greiðir þér aukið framlag í lífeyrissjóð

Norðurál

Norðurál er eftirsóttur vinnustaður. Starfsmenn eru á fimmta hundrað talsins, verkefni margvísleg og störfin fjölbætt. Hjá Norðuráli starfa m.a. verkfræðingar, tæknifræðingar, viðskiptafræðingar, sálfræðingar, efnifræðingar, eðlisfræðingar, líffræðingar, tölvunarfræðingar, rafvirkjar, rafsuðumenn, vélvirkjar og vélstjórar, auk ófaglærða starfsmanna sem öðlast dýrmæta sérhæfingu við störf sín og nám hjá fyrirtækinu.

Jafnrétti

Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til að starfa hjá Norðuráli.

Trúnaður

Farið verður með umsókn þína og allar persónulegar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Hvernig sækir þú um?

Vinsamlega sendu okkur umsókn þína fyrir 26. október n.k. Þú getur sótt um á vef fyrirtækisins, www.nordural.is, sent umsókn þína á netfangið umsokn@nordural.is eða póstlagt umsóknina, merktá: Rafvirki.

Trúnaður

Við förum með umsókn þína og allar persónulegar upplýsingar sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.

Upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Skúli Skúlason, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs.

NA NORÐURÁL
CenturyALUMINUM

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

Múrverk

Múrara og menn vana múrverki óskast til starfa. Mikil vinna framundan. Uppl. í síma 660 4490 og 660 4469

Firma potrzebuje murarzy i pracownikow budowlanych. Duzo pracy dobre zarobki wiadomosó 847 2209

Múrgæði ehf



KÓPAVOGSBÆR

Listasafn Kópavogs Gerðarsafn

- Starfskraftur óskast til ræstinga í Listasafni Kópavogs - Gerðarsafni. Vinnutími er fyrir hádegis, þriðjudag til föstudags og aðra hverja helgi.

Laun samkvæmt samningi Eflingar og Launaneftar sveisarfélaganna.

Upplýsingar gefnar á virkum dögum frá kl. 10 - 12 í síma 570 0440.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

www.kopavogur.is - www.job.is



ÁRDEGI

Sölumaður á fyrirtækjamarkaði

BT-Fyrirtæki óskar eftir öflugum sölumanni til að sinna sölu á tölvubúnaði, hugbúnaði og tengdum vörum á fyrirtækjamarkaði.

Hæfniskröfur:

- * Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- * Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- * Áhugi á tölvubúnaði og netkerfum
- * Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- * Heiðarlegur og traustur

BT-Fyrirtæki er ný verslun með tölvubúnað og tengdan búnað fyrir fyrirtæki. Fyrirtækið mun sinna þörfum minni fyrirtækja hvað varðar vélbúnað, hugbúnað og þjónustu. Einnig verður veitt sérþöntunaráhugi á sérhæfðum búnaði.

Umsjón með ráðningu:

Kári Sigurfinnsson - karisig@ardegi.is
Umsóknarfrestur er til og með 26. 10. 2007

BT-Fyrirtæki er dótturfélag Árdegis sem er ört vaxandi fyrirtæki á alþjóðamarkaði og samanstendur af einvalaliði fólks sem ber hag fyrirtækisins að leiðarljósi. Árdegi á og rekur 70 verslanir á Íslandi og í Danmörku.

BT
FYRIRTÆKI



HSA
HEILBRIGÐISSTOFNUN
AUSTURLANDS

Djúpivogur Staða hjúkrunarfræðings

Heilbrigðisstofnun Austurlands auglýsir eftir hjúkrunarfræðingi á Djúpavog. Starfshlutfall 100% eða eftir nánara samkomulagi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf um næstu áramót.

Á Djúpavogi er heilsugæslustöð og hjúkrunar- og dvalarheimilið Helgafell.

Á Breiðdalsvík er heilsugæslustöð. Djúpavogslæknishérað telur rúmlega 700 íbúa sem eru fyrst og fremst búsettir í tveimur byggðakjörnum, Djúpavogi og Breiðdalsvík, en einnig fylgja héraðinu sveitabyggðir í Breiðdal, Berufirði, Álftafirði og Hamarsfirði. Þarna er fagurt umhverfi og auðvelt að stunda útivist svo sem hestamennsku, veiði og göngur.

Umsóknarfrestur er til 25. nóvember 2007.

Umsóknir skulu berast til Emil Sigurjónssonar fulltrúa forstjóra Strandgötu 31. 735 Eskifirði á sérstökum umsóknareyðublöðum sem fást hjá HSA.

Upplýsingar veita Emil Sigurjónsson fulltrúi forstjóra (emils@hsa.is / 895 2488), Lilja Aðalsteinsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar (lilja@hsa.is / 860 1920

Íslenska Gámafélagið auglýsir eftir vönnum bílstjóra með meirapróf

Nauðsynlegir eiginleikar:
Jákvætt hugarfar, kraftur, nákvæmni og vilji til að gera betur í dag en í gær.



ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ
sími 577 5757



Umsóknir sendist á helga@gamur.is fyrir 29. október. Nánari upplýsingar veitir Helga Fjöla Sæmundsdóttir, starfsmannastjóri.

VELKOMIN TIL OKKAR

SMFR sem staðsett er á stórhöfuðborgarsvæðinu leitar eftir faglærðu og ófaglærðu starfsfólki á:

- heimili fatlaðs fólks
- hæfingarstöðvar
- skammtíma vistanir
- meðferðarheimili

Í boði er:

- vaktavinna og dagvinna í mismunandi starfshlutföllum
- öflugur stuðningur í starfi
- fjölbreytt og lærdómsrík störf
- námskeið og þjálfun

Nánari upplýsingar um störfin eru veittar á skrifstofutíma í síma 525 0900 eða á heimasíðu www.smfr.is Laun samkv. samningi SFR eða Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra og BHM, byggt á kjarasamningi fjármálaráðherra og BHM.



smfr

• Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi •

Þjónustufulltrúi í afgreiðslu

Hæfniskröfur:

- Haldgóð tölvu- og enskukunnátta
- Frumkvæði og stundvísi
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Áhugi á tækni og nýjungum
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg
- Reykleysi er kostur

Helstu verkefni:

- Pantanir
- Samskipti við birgja
- Móttaka og afgreiðsla viðskiptavina
- Símsvörun
- Önnur tilfallandi verkefni

Vinnutími er kl. 09 - 18 virka daga. Umsóknir sendist fyrir 31. október á ingveldi@hataekni.is, þjónustustjóra á ingveldur@hataekni.is. Ekki er tekið við fyrirspurnum í síma.

Hataekni

Ármúli 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is



Nuddarar í nýja lúxusheilsulind

Við leitum að nuddurum í nýja lúxusheilsulind. Grand spa. Umsækjendur þurfa að vera faglegir og leggja metnað sinn í að veita ýmsar tegundir nudds og líkamsmeðferða. Þjálfun er í boði fyrir nuddara sem eru í námi eða að ljúka námi. Mikilvægt er að viðkomandi búi yfir ríkri þjónustulund, sé áhugasamur um starfið og kunni því vel að starfa í hóp. Hvers kyns viðbótarfagkunnátta er æskileg. Í boði er fullt starf og hlutastarf, en einnig leitum við eftir sjálfstætt starfandi einstaklingum.

Grand Spa er ný heilsurækt með snyrti- og nuddstofu sem býður upp á fjölda sérhæfðra námskeiða, auk hefðbundinnar líkamsræktar undir handleiðslu Gorans Kristófers Micic, framkvæmdastjóra þjálfunar í Grand Spa.

Nánari upplýsingar veitir Sean Magane í síma 844 6722

Massage Therapists for a new luxury spa

Grand Spa, a new luxury spa, is now accepting applications and résumés for massage therapist positions. Applicants need to be passionate about performing a variety of massages and body treatments and should have the ability to work with guidance and in a team environment. Any additional skills are preferred. Full and part time employment positions are available, so are massage therapist contractor positions.

Grand spa is also a fitness centre which offers a vast variety of specialized training programs as well as fitness courses supervised by Goran Kristófer Micic, the manager of the fitness club at Grand Spa.

Please contact Sean Magane at 844 6722 for an interview

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík
Sími 578 8200 | grandspa@grandspa.is

Borgun Tæknimaður

Um Borgun hf.

Borgun hf. starfar á sviði greiðslumiðlunar og er leiðandi í þróun viðskiptalausna og þjónustu við korthafa og banka og sparisjóði sem gefa út MasterCard og Maestro greiðslukort.

Fyrirtækið er einnig í fararbroddi í þjónustu við seljendur sem veita MasterCard, Maestro, American Express, JCB og DinersClub greiðslukortum viðtöku.

Fyrirtækið hefur sterk alþjóðatengsl og hefur sett sér að vera eftirsóttasti samstarfsaðili Íslands á sviði greiðslumiðlunar og tengdrar starfsemi.

Borgun hf. er reyklus vinnustaður.

Upplýsingatækisvið leitast eftir tæknimanni/netmanni í tæknipjónustu félagsins. Leitað er eftir tölvunarfræðingi, kerfisfræðingi eða einstaklingi með sambærilega menntun eða reynslu, sem er tilbúinn til þess að takast á við krefjandi verkefni í framsæknunni umhverfi.

Helstu verkswið og ábyrgð

- Uppbygging og rekstur á nýju upplýsingakerfi Borgunar
- Þjónusta við notendur
- Bakvaktir

Menntunar- og hæfniskröfur

- Alhliða þekking og reynsla í rekstri tölvukerfa með áherslu á Microsoft Windows og Cisco netbúnað
- Gott vald á enskri tungu
- Metnaður til að ná miklum árangri í starfi
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Hafa frumkvæði og eiga auðvelt með að vinna í hóp

Upplýsingakerfi félagsins samantanda af Windows og iSeries þjónum og Cisco símkerfi og netbúnaði.

Umsóknir

Nánari upplýsingar um starfið veitir Emil Björn Héðinsson, Tæknistjóri Upplýsingatækni, netfang emil@borgun.is, sími 560 1600.

Áhugasamir eru beðnir um að senda umsóknir á www.borgun.is/starfsumsokn Umsóknarfrestur er 28. október.



Borgun hf. • Ármúla 30 • IS-108 Reykjavík • s. 560 1600 • f. 560 1601 • kt. 440686-1259 • borgun@borgun.is • www.borgun.is

Saman náum við árangri

samskip

> BÍLSTJÓRI ÓSKAST Á REYÐARFIRÐI

Samskip hf. óska eftir bílstjóra til starfa hjá Landflutningum – Samskipum á Reyðarfirði.

- Meginverksvið bílstjóra er akstur og umsjón flutningatækja Samskipa.
- Bílstjóri sér um dreifingu innan fjarða og losun og lestun flutningatækja þegar þess er óskað.
- Bílstjóri tekur þátt í daglegri starfsemi fyrirtækisins svo sem lyftaravinnu, afgreiðslu á almennri frakt og þjónustu við viðskiptavini.
- Bílstjóri er ábyrgur fyrir þeim tækjum og verkum sem honum eru úthlutað af yfirmanni.

Hæfniskröfur

Umsækjendur skulu hafa lokið meiraprófi og æskilegt að þeir hafi lyftararéttindi með allt að 10 tonna lyftiget. Skilyrði er að umsækjendur hafi reynslu af akstri og góða hæfni í mannlegum samskiptum og er gerð krafa um reglusemi og góða ástundun.

Áhugasamir

Vinsamlegast fyllið út umsókn á vef Samskipa www.samskip.is, (veljið „Bílstjóri á Austurlandi - auglýst staða 21.10.07“) fyrir 26. október 2007. Allar nánari upplýsingar veitir Ásgrímur Ásgrímsson, rekstrarstjóri, í síma 858 8830.



> Fyrirtækið

Samskip hf. eru ört vaxandi flutningafyrirtæki sem býður viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum. Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfélög beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 1400 manns á 56 skrifstofum í 23 löndum.

ENNEAM / SIA / NMS0065

Pípulagnir

Óskum pípulagningamönnum eða mönnum vönum pípulögnum. Mikil vinna framundan á höfuðborgarsvæðinu.

HM Pípulagnir

s. 896 0188 og 896 0184

» Ráðningaráþjónusta

Ert þú í atvinnuleit?

Fjöldi starfa í boði.

- » Skrifstofustörf
- » Lagerstörf
- » Verslunarstörf
- » Bókhaldsstörf
- » Ræstingarstörf
- » Sérfræðistörf
- » Útkeyrslustörf
- » Sölustörf
- » Stjórnunarstörf
- » Störf við kerfisstjórn
- » Störf við forritun
- » Framleiðslustörf
- » Iðnstörf
- » Þjónustustörf

» Kannaðu málið á

www.hhr.is

HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

HH Ráðgjöf • Fiskisloð 81 • 101 Reykjavík
Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



Þjónustufulltrúi í þjónustudeild

Mest ehf óskar eftir að ráða starfsmann í þjónustudeild.

Starfssvið:

- Þjónusta viðskiptavini MEST og framfylgja gæðakröfum MEST
- Samskipti við birgja
- Samskipti við viðskiptavini

Menntunar og hæfniskröfur:

- Húsasmiður eða reynsla í byggingariðnaði
- Þekking á íslenskum byggingavörumarkaði
- Laghentur
- Góð tölvukunnátta
- Skipulagshæfileikar
- Góð þjónustulund
- Enska, danska
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsóknarfrestur er til og með 28. okt. 2007. Vinsamlega sendið umsóknir ásamt starfsferilskrá á skrifstofu MEST, Fornubúðum 5, 220 Hafnarfjörður, eða í tölvupósti á netfangið: umsoknir@mest.is. Hrafnhildur Harðardóttir veitir nánari upplýsingar í síma 4 400 400.

MEST er eitt öflugasta fyrirtæki landsins á byggingamarkaði. Nafnið endurspeglar styrk þess og djarpa framtíðarsýn. MEST er framsækið framleiðslu- og þjónustufyrirtæki sem hefur það markmið að bjóða viðskiptavinum sínum verðmætar heildarlausnir. Traust og persónuleg þjónusta eru aðalmerki MEST þar sem áhersla er lögð á einföld og þægileg samskipti. Hjá MEST starfa 310 manns á 8 starfsstöðum. Við hjá MEST leggjum áherslu á krefjandi og skemmtilegt starfsumhverfi hjá öllu okkar starfsfólki.



– allt til bygginga



LÍÐSMAÐUR ÓSKAST

N1 óskar eftir liðsmanni í **lakkdeild** sem staðsett er í verslun félagsins að **Bíldshöfða 9**, Reykjavík.

Helstu verkefni:

- Sala og afgangsla á lakki og lakkvörum
- Blöndun á lakki
- Önnur tilfallandi störf í lakkdeild

Hæfniskröfur:

- Almenn þekking á bílum og bílatengdum efnum
- Þjónustulipurð
- Samskiptafærni
- Stundvísi og áreiðanleiki

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Guðgeir Magnússon**, deildarstjóri lakkdeilda í síma 440 1198. Áhugasamir sækja um starfið á www.n1.is. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.



Tæknistjóri

Framsækið og rótgróið fyrirtæki á sviði áætlunarflugs, leiguflugs og ferðaiðnaðar óskar eftir áhugaverðum einstaklingi til krefjandi starfa.

Starfið felur í sér yfirumsjón með viðhaldsdeild, skipulagningu viðhalds, viðhaldi flugvéla og samskipti við flugmálastjórn.

Hæfniskröfur:

- menntun á háskóla- eða framhaldsskólastigi og/eða menntun í flugvirkjun,
- hæfni í mannlegum samskiptum,
- þekking og reynsla af flugrekstri,
- góðir stjórnunar- og skipulagshæfileikar,
- góð enskukunnátta skilyrði,
- góð tölvukunnátta.

Hjá Flugfélaginu Erni starfa nú um 35 manns og er það markmið félagsins að bjóða fólki góða vinnuáðstöðu, samkeppnishæf laun og viðhalda góðum starfsanda.

Umsóknarfrestur er til 20. nóvember n.k. og sendist til skrifstofu félagsins eða með tölvupósti á netfangið atvinna@ernir.is. Allar nánari upplýsingar veitir Hörður Guðmundsson í síma 562 4200.

Flugfélagið Erni
Reykjavíkflugvelli
sími 562 4200
ernir@ernir.is



N1 VERSLANIR

N1 er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði bílatengdrar starfsemi fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

WWW.N1.IS

Viltu taka þátt í að byggja Tónlistar- og ráðstefnuhús?



ÍAV óskar eftir að ráða öfluga starfsmenn vegna byggingar Tónlistar- og ráðstefnuhúss við Austurhöfnina í Reykjavík. Húsið verður um 26 þúsund fermetrar að stærð og mun m.a. rúma 1.800 manna tónleikasal, tvískiptanlegan ráðstefnusal með 750 sætum, æfingasal með 450 sætum auk minni salar sem taka mun 200 manns í sæti.

Rafmagnsverk- eða tæknifræðingur

Starfið felur í sér utanumhald um tæknilega þætti verksins s.s. áætlanagerð, hönnunarrýni, verkstýringu og framkvæmd tæknilausna.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði rafmagnsverk- eða tæknifræði
- Skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta

Rafmagnsiðnfræðingur

Starfið felur í sér verk- og kostnaðaráætlanagerð, umsjón með efniskaupum auk verkstýringar.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði rafmagnsiðnfræði
- Skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta

Góð laun í boði fyrir rétta aðila.

Fyrirspurnum skal beina til Páls Ásgeirs Pálssonar verkefnastjóra tæknikerfa og Dagmarar Viðarsdóttur mannauðsstjóra í síma 530-4200. Umsóknir skulu sendar á netfangið dagmar@iav.is merktar "TR - Rafmagn" eigi síðar en 29. október nk.

ÍAV er eitt stærsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins og við búum yfir áratugareynslu í mannvirkjagerð. Verkefni ÍAV eru á öllum sviðum byggingariðnaðar, hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, opinberar byggingar eða aðra mannvirkjagerð sem og jarðvinnuframkvæmdir. Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 550 manns, þar af á sjötta tug verk- og tæknifræðinga.

Við leggjum mikla áherslu á að ráða til okkar kraftmikla og framsækna einstaklinga. Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og erum stolt af starfsandanum og þeim metnaði sem hjá okkur ríkir.



ECONOMIC/COMMERCIAL ASSISTANT

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the full time position of Economic/Commercial Assistant. The closing date for this position is October 28, 2007. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: <http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html> Please send your application and resumé to reykjavikvacancy@state.gov



SECRETARY

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Secretary in the Political; Economic/Commercial; Public Affairs and Consular Section. The closing date for this position is November 04, 2007. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: <http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html> Please send your application and resumé to reykjavikvacancy@state.gov



Litill heimur – hugum stórt

Eimskip er alþjóðlegt flutningafyrirtæki með starfsemi um allan heim.

Þjónustunet fyrirtækisins teygir sig um Evrópu, N-Ameríku, S-Ameríku, Asíu og Eyjaálfu.

- 15.000 starfsmenn
- 300 skrifstofur í yfir 30 löndum
- 50 skip
- 2.000 flutningabílar og tengivagnar
- 200 kæli- og frystigeymslur

Eimskip býður starfsfólki sínu upp á spennandi og fjölbreytt vinnuumhverfi.



Eimskip auglýsir eftir vefstjóra. Í boði er lifandi og skemmtilegt starfsumhverfi hjá traustu, alþjóðlegu fyrirtæki.

Vefstjóri hefur umsjón með og ber ábyrgð á innra og ytra vefumhverfi fyrirtækisins. Helstu verkefni felast í ritstjórn og uppfærslu vefja auk stýringar á verkefnum tengdum vefumhverfinu. Um er að ræða nýtt starf og verður það í höndum viðkomandi að þróa starfið og vefumhverfi fyrirtækisins.

Við leitum að öflugum og hugmyndaþríum einstaklingi sem hefur góða þekkingu á upplýsingatækni og innsýn í markaðsmál.

- MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR**
- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfið
 - Reynsla af vefumsjón æskileg
 - Góð ritfærni, bæði á íslensku og ensku
 - Jákvæðni, hugmyndaauði og framtakssemi

Umsjón með ráðningunni hefur Elín Hjalmsdóttir hjá starfsþróunarsviði, ehd@eimskip.is, sími 525 7375.

Tekið er á móti umsóknum gegnum heimasíðu Eimskips, www.eimskip.is. Umsóknarfrestur er til og með 31. október. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.



Kongörðum 2 104 Reykjavík Sími 525 7000 Fax 525 7009 www.eimskip.is

Það er svo gaman að vera saman!

Einkarekni leikskólinn Korpukot óskar eftir skemmtilegu starfsfólki sem býr yfir færni í mannlegum samskiptum, áreiðanleika og frumkvæði. Við leitum að:

- Leikskólakennurum
- Íþróttakennurum
- Proskapjálfa
- Myndlistarkennara
- Tónlistarkennara
- Leiðbeinendum

Áhugasamir vinsamlegast hafi samband í síma

577 1900

Korpukot

Fossaleyni 12, Grafarvogi • 112 Reykjavík
Sími 577 1900 • skrifstofa@korpukot.is

Framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Leynis



Golfklúbburinn Leynir á Akranesi óskar eftir að ráða framkvæmdarstjóra. Golfklúbburinn samanstendur af um 400 félagsmönnum, þar af um 100 börnum og unglingum. Golfklúbburinn rekur einn af fallegustu 18 holu golfvöllum á Íslandi, Garðavöllum, þar sem umferð kyllinga hefur aukist jafnt og þétt.

Framkvæmdastjóri GL ber ábyrgð á öllum daglegum rekstri golfklúbbsins, hagsmunagæslu og félagsstarfi.

Starfssvið


- Almennur rekstur
- Utanumhald félagsstarfs GL
- Markaðssetning GL
- Eftirlit með íþróttastarfi innan GL

Hæfniskröfur

- Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á golfíþróttinni
- Reynsla af rekstri æskileg
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Viðskiptafræði menntun er kostur en ekki skilyrði

Allar frekari upplýsingar veitir Heimir Fannar Gunnlaugsson, formaður GL, í síma 896 1825, en umsóknum skal skilað inn í tölvupósti á leynir@simnet.is. Umsóknarfrestur er til **4. nóvember** 2007. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

STARFSFÓLK ÓSKAST



ARKÍS er framsækið alhliða hönnunar- og ráðgjafafyrirtæki sem hefur starfað frá árinu 1997. Arkís leggur áherslu á vönduð og traust vinnubrögð.

Starfsmenn ARKÍS eru 53 í Reykjavík og á Egilssstöðum. Auk þess er Arkís einn af stofndum arkitekta- og verkfræðistofunnar ARSO í Vilnius og í Riga, þar sem nú starfa yfir 30 manns. ARKÍS hefur unnið fjölda verkefna á alþjóðlegum grunni.

Verkefni ARKÍS eru fjölbætt en má þar helst nefna hönnun verslunarhúsnæðis, skólabygginga, skrifstofu- og atvinnuhúsnæðis, skipulagsverkefna auk annara verkefna fyrir sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

Vegna aukinna verkefna framundan leitum við að áhugasömum einstaklingum til starfa. Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu í skemmtilegu umhverfi í hjarta Reykjavíkur þar sem samheldinn og góður hópur fagmanna er saman kominn.

ARKITEKTAR/SKIPULAGSFRÆÐINGUR

Við leitum að arkitekt eða skipulagsfræðingi til starfa við almenna skipulagsgerð hjá fyrirtækinu. Sjálfstæð vinnubrögð og reynsla í aðal- og deiliskipulagsmálum æskileg.

ARKITEKTAR & BYGGINGAFRÆÐINGAR

Við leitum að arkitektum og byggingafræðingum sem geta starfað sjálfstætt og stýrt verkefnum fyrir hönd fyrirtækisins. Reynsla af stjórnun verkefna æskileg. Einnig leitum við að arkitektum og byggingafræðingum til starfa við almenna hönnun. Reynsla í faginu æskileg.

Áhugasamir hafi samband við Þorvarð Björgvinsson í síma 822 2065, Svövu Bragadóttur í síma 867 1895, eða sendi póst á netfangið thorri@ark.is. Fullum trúnaði heitið.

www.ark.is

ARKÍS

Grunnskóli Seltjarnarness

Mýrarhúsaskóli – Valhúsaskóli

Laus eru til umsóknar eftirfarandi störf

Umsjónarkennari á miðstigi óskast til starfa frá áramótum vegna forfalla.

Upplýsingar/umsókn:

Ólína Thoroddsen, aðstoðarskólaflokkstjóri.
Sími 5959 200.
olina@seltjarnarnes.is

Stuðningsfulltrúi til starfa með fötludum nemendum á miðstigi.

Upplýsingar/umsókn:

Edda Oskarsdóttir.
Sími 5959 200.
eddao@seltjarnarnes.is

Kennari í náttúrufræði á unglingastigi vegna tímabundinna forfalla.

Upplýsingar/umsókn:

Baldur Pálsson, aðstoðarskólaflokkstjóri.
Sími 5959 250.
baldur@seltjarnarnes.is

Á Seltjarnarnesi eru um 640 nemendur í heildstæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfsiðjum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og Valhúsaskóla fyrir nemendur í 7. - 10. bekk. Skólaskjól er lengd viðvera fyrir nemendur í 1. - 4. bekk í Mýrarhúsaskóla.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags.

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa

www.grunnskoli.is



**KÓPAVOGSBÆR****Frá Snælandsskóla
Kórstjóri**

- Óskum eftir kórstjóra fyrir kór skólans.

Í kórnum eru 60 – 70 nemendur á aldrinum 9 – 12 ára. Um erað ræða allt að 50% starf. Kórinn hefur getið sér gott orð hérlandis sem erlendis og er mikill metnaður í kórfélögum og aðstandendum þeirra.

Upplýsingar gefur
Hanna Hjartardóttir,
skólastjóri, í síma 570 4380
og 863 4911.

www.kopavogur.is - www.job.is

**GARÐABÆR**

www.gardabaer.is

Leikskólinn Kirkjuból

- Matráður óskast sem fyrst í 50% starf, vinnutími 9.00 – 13.00
- Leikskólakennari eða leiðbeinandi óskast í fullt starf.
- Einnig óskast leikskólakennari eða leiðbeinandi í hlutastörf.
- Sérkennslustjóri óskast í 75% starf

Nánari upplýsingar veitir Marta Sigurðardóttir leikskólastjóri í síma 560 6322 eða á kirkjubol@leikskolarnir.is

Fræðslu- og menningar svið

**VILTU BESTA STARF Í HEIMI..?
–Á BESTA STAÐ Í HEIMI?**

Frístundaheimili Miðbergs í Breiðholti óska eftir starfsfólki sem getur tekið þátt í að stýra starfi með 6-9 ára börnum á eftirfarandi sviðum:

- ▶ List- og verkgreinar, s.s. tónlist, myndlist, smíði og textíl
- ▶ Íþróttir og leikir, s.s. úti- og innleikir
- ▶ Útivist og umhverfismennt, s.s. gönguferðir og náttúruskoðun
- ▶ Barnalýðræði og lífsleikni, s.s. hópastarf, barnafundir, lesa sögur, vinátta og samvera

Í boði eru hlutastörf eftir hádegi á eftirfarandi stöðum:

Bakkasel við Breiðholtsskóla – s. 695-5039
Álfheimar í Hólabrekkuskóla – s. 695-5139
Fríssi fríski í Ölduselsskóla – s. 695-5036
Denni dæmalausi í Seljaskóla – s. 695-5038
Plútó í Fellaskóla – s. 695-5037

Einnig er hægt að hafa samband við deildarstjóra barnastarfs í Miðbergi, s. 411-5750.

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur • Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 • Bréfsími 411 5009 • www.itr.is • itr@itr.is

**OPNUM FLJÓTLEGA NÝJA OG
GLÆSILEGA VERSLUN Í HOLTAGÖRÐUM**

Óskum eftir duglegu, kraftmiklu og skemmtilegu starfsfólki í allar sérvöru- og matvörudeildir

Hægt er að sækja um á www.hagkaup.is. Einnig er hægt að fá umsóknareyðublöð í verslunum. Nánari upplýsingar um störfin veitir Arndís Arnarsdóttir starfsmannafulltrúi í síma 563 5000 eða starfsmannahald@hagkaup.is.





Veislan veitingaeldhús óskar eftir:

Starfsmann í smurbrauðsdeild 100% starf
Starfsmann í borðbúnað og fleira 100% starf
Aðstoðarmann í eldhús 100% starf
Aðstoðarfólk í þjónustu, eldhús og smurbrauð sem allra fyrst.

Nánari upplýsingar um störfín eru veittar í Veislunni á Austurströnd 12, Seltjarnarnesi, eða í síma 561-2031, einnig er hægt að senda tölvupóst á arny@veislan.is

Rafverktakar

Traust fyrirtæki á höfuðborgar- svæðinu óskar eftir samstarfi við rafverktaka til að sjá um hefð- bundna raflagnavinnu.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 29. október nk. Númer starfs er 7178.

Nánari upplýsingar veitir Elísabet S. Arndal, ráðgjafi hjá Hagvangi. Netfang: elisabetsa@hagvangur.is



Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is



ÓSKUM EFTIR ÖFLUGUM LIÐSMANNI Í GÓÐAN STARFSMANNAHÓP Í FRÍSTUNDA MIÐSTÖÐINA MIÐBERG

Umsjónarmaður í frístundaheimilinu Bakkaseli

Ábyrgðarsvið

- Umsjón með starfsemi frístundaheimilisins fyrir börn á aldrinum 6-9 ára
- Skipulagning starfsins í samráði við börn og starfsfólk
- Samskipti og samstarf við foreldra og starfsfólk skóla

Menntunar- og/eða hæfniskröfur

- Háskólamenntun á uppeldissviði eða sambærileg menntun
- Reynsla af starfi með börnum
- Stjórnunarreynsla æskileg
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Skapa liðsheild í starfsmannahópi
- Almenn tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til 4. nóvember 2007

HÚSAVÍK - ÞAR SEM GOTT ORÐSPOR SKIPTIR MÁLI



FJÁRFESTING

FASTEIGNASALA EHF

Sími 562 4250 | Pétur P. Sigurðsson hrl. löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is



Sörlaskjól - Einbýli

Til sölu fallegt einbýlishús, 242,6 fm. á þremur hæðum, þar af 30 fm bílskúr. Möguleiki á að vera með tvær íbúðir í húsinu. Húsið er vel skipulagt og eru herbergin rúmgóð, gott ris með svölum. Frábær staðsetning. Fallegur garður. Húsið er í mjög góðu ástandi að utan sem innan. **Verð 77,5 millj.**

Hörðukór 3

WWW.HORDUKOR.IS

ÖLL ÞJÓNUSTA Í GÖNGUFÆRI

203 KÓPAVOGUR

52 ÍBÚÐIR Í BARNGÓÐU HVERFI

VERÐ FRÁ 23.9 M

OPIÐ HÚS
Í dag 14:00 - 16:00
Mánudag 18:00 - 19:00



Húsgögn í sýningaríbúðum eru frá EGG





HAFÐU SAMBAND VIÐ SÖLUAÐILA
Eða kynntu þér málið nánar á www.hordukor.is

RE/MAX Senter 898 3023 899 9493 | STÖRBORG 534 8300 | KLETTUR 534 5400

Íbúðir 0201-1101



Íbúðir 0203-1103



ÞÆGINDI

- Glæsilegt útsýni
- Ísskápur fylgir
- Uppþvottavél fylgir
- HTH eldhúsinnrétting
- HTH fataskápar
- Baðherbergi eru flísalögð í hólfi og gólf
- Baðkar og sturtuklefi
- Myndavéladyrasími
- Þvottahús í íbúð
- Geymsla fylgir hverri íbúð
- Stutt í alla þjónustu
- 2 leikskólar í göngufæri
- Grunnskóli í göngufæri
- Stutt í Smáralind
- Stutt í matvörubúð
- Stutt í Íþróttakademíuna
- Gönguleiðir að Elliðavatni
- Gönguleiðir að Heiðmörk



➤ Eugene Richards er fæddur í Massachusetts. Hann var settur á ljósmyndaverkefni þegar hann neitaði að gegna herþjónustu 1968. Hann aflánaði þjónustu í Arkansas þar sem hann var um eins og hálfis árs skeið við að mynda fátækt. Verkefni hans hafa síðan einkennst af ríkri þörf til að sýna samfélagið: kynþáttamisrétti í heimahéraði hans, pólitískir flóttamenn, eiturfjaskjúklingar og fólk með krabbamein eru meðal þekkttra viðfangsefna hans í sjö bókum. Hann er margverðlaunaður: „Við höfum skyldu til að sýna heiminn eins og hann er svo það megi breyta honum,” segir hann. Richards er heiðraður fyrir heimildarljósmyndir.



Heinz Kluetmeier er fæddur í Berlín en alinn upp í Milwaukee í Bandaríkjunum. Hann hóf feril sinn hjá AP en lauk námi sem verkfræðingur og starfaði sem slíkur en tók alltaf myndir í frístundum. Hann var fastráðinn til Time 1969 og tók myndir bæði fyrir Life og Sports Illustrated. Hann á að baki hundrað forsíður á því íþróttablaði og var um síðir ráðinn myndaristjóri þess. Hann nýtur gríðarlegar virðingar íþróttamanna í heimalandi sínu, segist ekki mikið fyrir tækni, aðalatriðið sé tilfinningin. Hann er heiðraður fyrir framlag sitt til íþróttaljósmyndunar.



Elliott Erwitt fæddist 1928 í Frakklandi af rússnesku foreldri. Hann fór að taka myndir þegar hann var í hernum og var tekinn í Magnum-hópin 1953. Hann hefur verið formaður Magnum í þrjú tímabil. Hann hefur ljósmyndað fyrir bækur, í tímarit og í auglýsingar um fjörutíu ára skeið. Átti skamm-an feril sem leikstjóri heimildarmynda og hefur unnið í sjónvarpi. Síðasta bók hans, Unseen, er nýkomin út. Verk hans finnast í söfnum um allan heim. Hann var heiðraður fyrir ævistarf sitt.



Ralph Gibson fór að taka ljósmyndir þegar hann gegndi herþjónustu. Hann var aðstoðarmaður Dorotheu Lange um skeið og vann með Robert Frank. Frá 1970 hefur hann einkum unnið fyrir bækur en það ár kom út verk hans Somnambulist. Hann hefur unnið á Leica í fjörutíu ár eingöngu og segist aðeins hafa áhuga á ljósmynd sem listformi. Verk hans eru í flestum virtari söfnum heims. Gibson var heiðraður fyrir framlag sitt til listrænnar ljósmyndunar.

SAGAN UM Bíbí Ólafsdóttur

Ný ævisaga eftir **Vigdís Grímsdóttur** skáldkonu er væntanleg á markað og er það í fyrsta sinn sem Vigdís leggur fyrir sig hið erfiða form ævisögunnar. Sagan af Bíbí Ólafsdóttur heitir bókin og hér að neðan er birtur 12. kafli sögunnar: Horfin í eld og reyk.

Ög sögunnar halda áfram í allri þeirri rökkurró sem Múla-kampurinn býr yfir og við hlustum þangað til við heyrum í þabba sem hengir af sér í forstofunni; hann hengir af sér bláa mittisúlpu með svörtum loðkraga og fer úr skónum í forstofunni og kemur inn til okkur í sögunnar í terlínubuxunum með leðurbelti og mynd af vængstórum erni á sylgjunni. Hann sest hjá okkur en hann er ekki fyrr kominn inn en sögunnar þagna og fjóluraða ljósið yfir mömmu dofnar. Hann hefur greinilega ekkert með sögunnar hennar að gera, hún kærir sig að minnsta kosti ekkert um að hann hlusti á þær. Í staðinn puðrar hún kannski í hann einhverju um matinn, éttu þetta, Ólafur, éttu hitt, og segir okkur svo að fara að sofa – inn að sofa, Ásta, Stella, Bíbí, Fiddi, og ekkert múður. Og þótt þabba hafi kannski langað til að segja okkur frá því að hann hafi einmitt verið að færa Fimmaura-Dísu smáolíu í braggann, henni veiti nú ekki af, kellingunni, þá höfum við krakkarnir hennar mömmu ekkert gott af því að hlusta á eitthvert kjaftæði um mellukellingar sem taka á móti heilu rútubílahlössunum af hermönnum og fá fyrir greiðann brennivín og nælonsokka. Hvaða greiða? Það kemur okkur alls ekkert við – inn að sofa, Ásta, Stella, Bíbí, Fiddi, heyrið það, og ég sé að græna ljósið sem fylgir þabba dofnar líka þegar ég halla inn til okkar og leggst í neðri koju, Stella í efri koju, Ásta á hermanna-bedda við gluggann og Fiddi litli í rúmið hennar mömmu.



Múla-kampur: Þar sem nú á dögum standa verslunarhallir og háhýsi við Suðurlandsbrautina var Múla-kampurinn. Þar bjó ég frá 1953 til 1964 og mér leiddist aldrei.

kettlinga af því að hún veit um ást mína á dýrum. Ég skoða kettlingana en forðast hana og ég forðast líka eldinn í bragganum sem tekur hana með sér. Ég sé hana hverfa í reyk og eld einsog braggann hennar og allt annað sem henni tilheyrir.

Ég þori ekki að nefna neitt þegar ég vakna. Ég vil ekki að það sem ég sé komi fram, vil ekki heldur að mér verði kennt um og að mér verði refsað en ég verð fjandi niðurlút og beygð þegar ég heyri að Fimmaura-Dísa hafi brunnið inni í bragganum sínum með öllu sem henni tilheyrði.

Seinna segi ég mömmu frá annarri mynd sem birtist á skjánum. Mér finnst ég vera að klæða gömlu konuna, sem mamma vann hjá á Kirkjubæjarklaustri þegar hún var að kynna þabba, í fölbleikan náttkjól og leggja hana til í rúminu sínu og kveikja á kertum allt í kringum hana.

Ég segi mömmu frá þessari mynd strax.

Ég sé að hún verður óróleg í augunum og hún þírir þau þegar hún skammar mig fyrir vitleysuna í mér alltaf hreint. Ég verði bara að fara að læra að haga mér einsog manneskja. Hvernig standi á því að ég láti alltaf einsog fifl, ég sé sama fiflið og pabbi, ég sé líka jafnljót og hann með augun út úr höfðinu og með þessa líka ömurlegu kryppu sem hún hafi svo oft velt fyrir sér hvað hafi eiginlega að geyma.

Um kvöldið er okkur sagt að gamla konan á Klaustri hafi dáið um nóttina.

– Þú verður að reyna að hemja þig, Bíbí, segir mamma og gefur mér á kjaftinn til að leggja áherslu á orð sín.

Ég verð nú kannski ekki beint fallegrri eftir höggið en mér er sama fyrst henni er það. Mig munar heldur ekkert um að taka við því sem mér ber og ég laumast út í móann. Ég velti mér í grasinu, faðma jörðina, finn vernd í grænku-enni og ét grasið, ég háma í mig grasið og verð loksins örugg og stálslegin með grænt grasið í kringum mig og ofan í mér.

Bíbí Ég stend fyrir framan stofu-gluggann á húsinu okkar í Múla-kampi sem kallað var Björk. Mér fannst ótrúlega gaman að bregða mér í allra kvikinda líki, fyllibyttu-gervið var mjög vinsælt.



ÉG ER FARIN ÚT ÚR MYRKRINU

„Mig dreyndi að þú kæmir hingað og við fengjum okkur kaffi og kleinur og spjölluðum saman, þú skrifaðir ekki neitt og svo færir þú og skrifaðir þetta fína viðtal.“ Vigdís Grímsdóttir sendir frá sér nýja bók, sögu en ekki skáldsögu, Sagan um Bíbí Ólafsdóttur kallast bókin og er ævisaga. „Er hún ekki á okkar aldri?“ spyr ég. „Jú, hún er fimmtíu og tvö módel.“

BÓKMENNTIR PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Víð mæltum okkur mót daginn sem borgarstjórnin splundraðist og ný varð til. Rökkrið var að síga á borgina og regnveður gekk yfir nesið. Eftirmiðdagsumferðin hertist í þjósnalegum ákafa. Allir að komast heim. Ljóskeilur skáru myrkrið og göturnar glömpuðu. Upp stigann leiðir hún mig í hálf-rökkvaða íbúð. Þrep stigans skarta skrautlegum skóm og á veggjunum hanga kjólar. Ég hef ekki komið hingað áður og er hálf áttavilltur í holi frá sjötta áratugnum. Bækur, stytur, málverk. Gólfið lagt köflóttum dúk eins og skákborð. Hún vísar mér inn í eldhús. Bókina um Bíbí hef ég haft til handargagns í nokkra sólarhringa. Saga hennar er saga gáfna, gáfna sem liggja utan við hversdagslegan heim, gáfna sem leiða oftast til erfiðleika en gæfu, þótt margir sem búa yfir ófresknigáfum hafi margt gott að gefa hinum sem aldrei sjá neitt ... óeðlilegt ... er orð sem kemur upp í hugann og á eftir kemur annað: yfirnáttúrulegt.

Augliti til auglitis

Vigdís sest við eldhúsbordíð móti mér eftir að hún hefur hellt kaffi í bollana. Á bordið hefur hún stillt upp fagurlituum skálum: einum konfektmola, kleinum og þunnum vafningum. Útlent kex, hugsá ég, eins og leiftraði um huga manns fyrir mörgum áratugum þegar það sást sjaldan. Það er á þeim slóðum í endurminningunum sem sagan af Bíbí hefst. Arið sem hún kom í heiminn. 1952.

Hvernig barst þetta efni í hendur Vigdísar, ekki var það í fyrsta sinn sem til hennar leitaði fólk með sögu sína og sagði: „Gerðu eitthvað við þetta ef þú vilt.“ Það hefur sagnakonnan viðurkennt að hafi áður komið fyrir. „Þú mátt nota þetta að vild,“ segir fólk og afhendir henni ævi sína og örlög: „Gerðu eitthvað úr þessu og ég nota það að vild, steypi saman, geri sögu þess að minni sögu.“ Viltu koma reglu og stíl á mína ógurlegu ævi, greina sundur óreiðuna í lífi mínu, koma skiljanlegum þræði í lífsferilinn minn. Er það ekki hlutverk skáldanna að umskapa ólgandi líf, mót-sagnakennt og oft óskiljanlegt, í söguþráð sem við getum fylgt, búa til leitarnöða sem við eltum allt til síðustu blaðsíðu og áfram inn í myrkur hugans?

Sögumenn

Vigdís segist svo frá að hún hafi unnið útvarpsþætti með Þorleifi Friðrikssyni sagnfræðingi þar sem þau töluðu við fólk, sögumenn: „Þorleifur þekkti til



„Þú mátt nota þetta að vild,“ segir fólk við Vigdís Grímsdóttur. Eftir feril sem sagna- og ljóð-skáld snýr hún sér að ævisöguforminu til að segja söguna af Bíbí. MYND: FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þú hefur áður verið að fjalla um fólk sem er í jaðrinum í fleiru en einu tilliti, þessa sem hafa næmari skynjun en fólk hefur flest, fólk sem er yst í samfélaginu, þá sem hrekjast,“ segi ég. „Við þekktumst ekki ég og Bíbí,“ segir hún, „þegar við vorum í Laugarnes-skólanum. Foreldrar mínir voru ekki þannig fólk að þau færðu í manngrænarálit, en það þurfti ekki. Krakkarnir

erum öll komin þaðan en viljum ekki vita af því, ekki þekkja það hvernig ástandið var. Við erum ekki komin af svoleiðis fólki, ekki við í útrásinni.“ „Með eynd í arf,“ hugsá ég. Leggst það líka í legginn, erfðina eins og svo margt annað, lundernið, líkamsbyggingin, gallarnir. Sagan af Bíbí dregur ekki dul á þá hugmynd að skyggnigáfa erfist, hún hvíli í ættum. Það er kunnugt minni

fyrir. Er lífið ekki svoleiðis að hjá öllum eru örlögin, lífið, flókin og margbreytileg þótt allt sýnist slétt og hversdagslegt? En þá tóku þær sér hlé.

Vigdís hélt utan, hún sagðist hafa haldið að það gerði sér gott að fá smá fjarlægð á efnið. Erlendis veiktist Vigdís heiftarlega: „Við skulum ekki tala mikið um það,“ segir hún. „Þú varst lífshættulega veik,“ segi ég og hún jánkur því. Hún fékk heilahimnubólgu og mátti þola hægna bata. Um tíma var tvísýnt hvort hún næði sér og fengi fullan mátt til frekari skrifa. „Ég man ekki mikið frá þessum veikindum,“ segir hún. „Það sem ég man skýrast er að ég var utan við líkama minn og horfði á mig og Bíbí fór um mig höndum, gaf mér ljós og orku, læknaði mig. Rétt eins og hún hefur læknað margt fólk í þessu samfélagi af öllum stéttum. Við ákváðum strax að láta þetta ekki vera svoleiðis bók að fólk vitnaði um hvernig Bíbí hefur hjálpað því.“

Hlið að öðrum heimi

Við erum komin að þröskuldi, nýr gangur er opinn og hann verðum við að fara: „Þú sjálf, sérðu?“ spyr ég. „Það er bara smávægis,“ segir Vigdís án þess að láta sér bregða, „helst liti, einstaka látinn man.“ „Nafnkunnan,“ spyr ég. „Já,“ svarar hún og eins og ekkert sé sjálf-sagðara segi ég henni frá minni einu reynslu. Við erum að komast á trúnað. Áður en ég veit af er hún byrjuð að láta mig tala um mig, ekki sig. Eftir nokkra stund hef ég lagt spilin á bordið. Ætli hún hafi þessa gáfu svona sterka eða seiði fram ævina frá vandalausum, er það galdurinn á bak við skáldgáfu Vigdísar, óseðjandi forvitni til að finna efni í nágrenni sínu, draga fram sögurnar og gera þær að sínu efni. Ljóst er af bókinni um Bíbí að hún hefur mátt ganga býsna langt: „Satt að segja fannst mér þetta svo vandmeðfarið efni að ég gæti seint komið því til skila,“ segir hún. „Á endanum varð ég að sleppa mörgu.“

Gæska og grimmd

En sagan af Bíbí er ekki bara saga af barni, ungrri stúlku, ungrri móður, eigin-konu og dóttur. Hún er líka saga af hrakningum sem vekja lesanda undrun í öryggi ljóss og birtu. Lífshlaup Bíbí er rakið frá Blesugróf um Múlakamp suður í Kópavog og þá eru áfangastaðirnir fæstir taldir: Frómur flækist víða. Vigdís segir það öðrum þræðinum meginefni verksins: hvernig gat manneskja þolað slíkar raunir og staðið eftir björt og glöð: „Hún er góð manneskja.“

Raunar hefur söguefni Vigdísar í



Við erum öll komin þaðan en viljum ekki vita af því, ekki þekkja það hvernig ástandið var. Við erum ekki komin af svoleiðis fólki, ekki við í útrásinni.

Bíbíar, við fórum til hennar og hún sagði okkur af sér, en það var bara yfirborðið, það var margt svo djúpt þarna niðri. Ég heillaðist af henni. Þetta var í febrúar 2006. Svo ég sendi henni tölvupóst og bað hana að hitta mig en fékk engin svör, aftur sendi ég henni boð en ekkert svar kom frá henni. Svo ég hringdi í hana. Hún svaraði ekki símanum en eftir nokkrar tilraunir tókst mér að ná í hana og fá hana til að hitta mig. Við hittumst á Hótel Borg og ég spurði hvort ég mætti skrifa ævisögu hennar. „Hvernig varð almúgakonu við þegar viðurkennd og virt skáldkona vildi skrifa ævisögu hennar? „Hún sagðist hafa vitað það: Þessu er sennilega ætlað að verða.“

úr Múlakampinum sáust ekki. Börnin úr þessum stöðum þar sem fátæklingar Reykjavíkur bjuggu, gömlu bragga-hverfunum, voru ekki falin. Þau sáust ekki.“

Kröpp kjör

Sagan af Bíbí er ekki aðeins saga af einstökum gáfum, hún er líka saga mikilla erfiðleika og áfalla. „Leggst það í leggi?“ spyr ég og hún misskilur mig, heldur að ég sé að spyrja um skyggnigáfuna. Mamma hennar...“ byrjar hún. Nei, þetta með þessi miklu örlög, áföllin, erfiðleikana,“ segi ég. „Lágstéttin á Íslandi bjó við miklu erfiðara líf, sárari vonbrigði, minni hamingju, en þeir sem höfðu það skár,“ segir Vigdís. „Við

í munnlegri geymd þjóðarsálarinnar: forspárgáfa, berdreymsni, skyggni á áru manna og birtu. allt eru þetta þroskaðri hæfileikar en hversdagslegri birtingarmyndir innsæis: hinir forvitru í viðskiptum státa stundum af slíkrri tilfinningu fyrir óorðnum hlutum, þeir finna á sér: „Það er eitthvað meira, allt lífið er bara orka í mismunandi formum,“ segir Vigdís og klappar létt á bordið, „ekki bara þetta.“

Reiðarslag

Vigdís segir samstarf þeirra Bíbí hafa farið hægt af stað, en smátt og smátt vaxið traust milli þeirra og þá segist Vigdís hafa vitað að hér væri á ferðinni meira söguefni en hana hefði áður órað

öllum hennar ferli borið þau einkenni, andstaður gæska og illsku, sakleysis og skaða. Persónulegur tónn hennar hefur styrkst með árunum, litbeiting hennar og stíll sem í senn er lokkandi og heillandi, slægur og fullur af björtu sakleysi. Skuggahlíðarnar í sögum hennar sækja stöðugt á ljósið: „Myrkur er í okkur öllum,“ segir hún og drepur fingurgómum á hjartastað. „Eins og Guðrún Helgadóttir sagði við okkur einu sinni: Krakkar mínir, við erum öll að skrifa um okkur sjálf, við bregðum okkur í annarra líki.“

Kannast hún ekki við að hafa dvalið oft við skuggahlíðarnar? „Jú,“ segir hún og brosir með sjálfri sér, „en nú er ég farin út úr myrkrinu.“



„Ein glæsilegasta bókmenntafrumraun síðustu ára“

The Times

Suleiman er níu ára drengur sem býr í Trípólí undir ógnarstjórn Gaddafis einvalds í Líbýu á áttunda áratugnum. Einn daginn er nágranni fjölskyldunnar dreginn á brott af svartklæddum útsendurum Gaddafis og smám saman rennur upp fyrir Suleiman að þeir hafa líka illan bifur á föður hans.

**„Meistaralega skrifuð, lýsandi,
ljóðræn og nosturslega ofin.“**

Times Literary Supplement

**„Gríðarlega sorgleg saga af ást
og missi ... frábærlega skrifuð.“**


The Scotsman

**„Hisham Matar finnur feegurð
í lamandi ótta og missi.“**

Publishers Weekly

Hvernig finnum
við kjark til að vera
sjálfum okkur trú
– jafnvel þótt við séum ekki
viss um hver við erum?

Þetta er grundvallarspurningin í nýrri,
djúpsærrí sögu eftir metsöluhöfundinn
Paulo Coelho, *Nornin í Portobello*. Þetta er
sagan um leyndardómsfulla konu, Apenu
að nafni, sögð af þeim mörgu sem
þekktu hana vel – eða lítið sem ekkert.



JPU
JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is

Nornin í Portobello er eins og *Alkemistinn* saga sem gerbreytir
hugmyndum lesandans um ást, ástríðu, gleði og fórnir.



Villibráðarhlaðborð

18. október - 21. nóvember

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á.

Nú getur þú notið þess besta í villibráðarhlaðborði Perlunnar.

Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínnum frá Chile og Argentínu.

Verð 6.590 kr.

Tilboð mánudaga - miðvikudaga: 5.590 kr.

Jólahlaðborð

22. nóvember - 30. desember

Hið óviðjafnanlega jólahlaðborð Perlunnar hefst seinni part nóvembermánaðar en það borgar sig að panta borðið þitt strax – enda eitt vinsælasta jólahlaðborð á landinu!

Verð 6.250 kr. *Tilboð mánudaga-þriðjudaga: 5.250 kr.*

Skötu- og jólahlaðborð

Þorláksmessa, í hádeginu

Sérstök stemmning ríkir í Perlunni á Þorláksmessu, þá er boðið er upp á skötu að fornum sið. Jólahlaðborð Perlunnar verður einnig í boði, svo allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.



*Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!*

MANNKYNSSAGAN MOLNAR

Á síðustu fjórum árum hefur forn atvinnugrein, safna- og fornleifarán, þróast með slíkum ágætum austur í Mesópótamíu, að sumir eru jafnvel stoltir af. Fagmenn tæma söfn og þefa uppi ævafornar rústir í söndum landsins til að selja með leynd auðugum söfnurum í Evrópu, Bandaríkjunum, Asíu og öðrum Mið-Austurlöndum.

FORNLEIFAR RAGNHEIDUR GYÐA JÓNSDÓTTIR



Bandarískur hermaður gengur hjá veggmynd í Þjóðminjasafni Írak. Þúsundir fornminja hafa horfið frá Írak á þeim tíma sem hernám Bandaríkjanna og stuðningsþjóða þeirra hefur staðið AFP/KARIM SAHIB

Ekki er lát á daglegum hryllingi í Írak; ofbeldi, óréttlæti, blóðsúthellingum og óskaplegu mannfalli. Borgarar sundraðs samfélags leita allra leiða til að hafa í sig og á. Forngríparán og sala eru þó ekki eina áhyggjuefni sérfræðinga í sögu manns og menningar. Umsvif nútíma hersveita á þungavígvelum á viðkvæmum fornleifasvæðum eins og Babýlon, Niniveh, Samarra og Úr mylja söguna undir sandinum melínu smærra.

Í árdaga

Á langri leið hefur mannkyni skilist að menningarvöggur þess eru margar, jafnt á sviði handverks sem hugmynda. Ein þeirra liggur á sléttunni milli fljótanna Efrat og Tígris í núverandi Írak. Grikkir kölluðu landsvæðið Mesópótamíu eða Millifljótaland en heimamenn nefna það Al Jazirah, Skagann eða Eylandið. Frjór framburður fljótanna jók landgæði þar svo mjög að fyrir um 12.000 árum þótti flakkandi forfeðrum okkar rétt að staldra við, sá fyrir hinu og þessu og hefja með því akuryrkju á jörðinni. Með tímanum lærðist þeim að hemja flóðin í fljótunum og byggja áveitur.

Heimur batnandi fer

Á sléttunni var gnægð veiðidýra, svo sem geitur, sauðfé, svín og naugripir. Ekki leið á löngu þar til kyrrsetumönnum á sléttunni tókst að laða þessi dýr til fylgilags og húsdýrahald hófst. Gripirnir og afurðir þeirra voru ekki bara aukinn matarforði ættarinnar heldur mikilvægur gjaldmiðill og nú gátu menn lagt lóðskinum sínum og borðið spunnin klæði og ofin. Sérhæfing fylgdi í kjölfarið, myndun þorpa og borga og stéttaskipting. Og þá var hægt að deila um lönd og árfarvegi og í framhaldi af því herja á nærliggjandi byggðir með skipulögðum hætti. Viðskipti jukust; íbúar sléttunnar seldu fjallabúum leirker og korn fyrir trjávöru, málma og skinn.

Bústörf og umsýsla

Gósenland þetta freistaði auðvitað margra og hver þjóðin af annarri settist þar að til að deila og drottna. Súmerar vildu halda skikk á stjórn sinni og viðskiptum og fundu því upp fleygrúnir til að skrá allt hjá sér. Þeim þótti augljóst að sólarhringurinn skiptist í 60 mínútna klukkustundir, tólf mánuðir væru í einu ári og 360 gráður í hring um leið og þeir suðu saman tin og kopar og bjuggu til brons. Aðrir ortu sálma og ljóð á leirtöflur sínar.

Konungi Babýlóníumanna þótti rétt að skrá fleira en viðskiptasamninga og stjórnskipanir; hann bætti við laga-setningum og dómum svo tryggja mætti „réttlæti í landinu, að brjóta illviljuð niðurrifsöfl á bak aftur og sjá til þess að þeir voldugu sætu ekki yfir hlut þeirra sen minna mættu sín“. Hammúrabí lét fleyga þetta á opinberar leirtöflur fyrir um 3.700 árum, nokkru eftir að Abraham lagði af stað frá Úr í Kaldeu að leita fyrirheitna landsins.

Einn af öðrum án olíuauðs

Sargon konungur Assýríumanna úr norðri færði út landsvæði ríkisins og sá ekkert athugasemjufullt við fjölmenningsríki. Afkomendur hans glutruðu völdunum til Babýlóníumanna eftir tæpar tvær aldir og Nebúkadnessar II náði að mölva Jerúsalem og teyma íbúa hennar og nærsveita í útleð í Babýlon. Kýros mikli Persakonungur hleypti fólkinu aftur heim með gamla testamentið í farteskinu. Sjálfur var hann sennilega hallur undir Zarabústrasið; taldi manninn hafa frjálsan vilja og val milli góðs og ills. Þessu næst bar að Alexander mikla frá Makedóníu að leggja undir sig heiminn og sá fyrir hellenismanum í leiðinni. Persar fengu enn að reyna sig við stjórnvölinn um hríð eða þangað til fólk innan af Arabíuskaga æddi yfir með boðskap Múhameðs spámanns. Taka þá við innansveitarátök í heimi múslima í um þúsund ár. Og ekki einu sinni komið að olíuauðnum. En söguna alla má finna í íraskri jörð.

Fagmenn á fullu

Grafar- og fornleifarán eru ekki nýlunda meðal mannkyns. Þar sem mest ber á fortíðinni hefur sérþekking á þessu sviði jafnvel varðveist í ættum í ótal kynslóðir. Fornleifafræðingar fullyrða þó að í Írak hafi orðið nokkur breyting á verklagi og vinnu-hraða. Auðugir landeigendur eða kaupskýslumenn kaupa upp stór sandsvæði og senda þangað fagmannasveitir sínar. Ræningjahópar eru misstórir með stórvirkar vinnuvélar eða skóflur en eira engu. Enda til mikils að vinna; meðalárslaun í Írak samsvara nú um 60.000 ísl. kr. en fyrir vænan kassa af fornminjum má fá rúma íslenska milljón. Þeir færustu ná 2-3 kössum á viku. Á tímum Saddams lá dauðarefsing við fornminjaránum, nú er talið að um 15.000 munir finnist á degi hverjum og flestir þeirra eru fluttir úr landi. Í Írak eru um 10.000 fornminjasvæði þekkt og skráð, í Nassariyah einni og nágrenni eru leifar um 840 byggða frá tímum Súmera. Ræningjahóparnir hafa tæmt þær allar enda hamlá fjárskortur og ófremdarástand í landinu öllu eftirliti.

Frelsi er sóðalegt

Samkvæmt Haag-sáttmálanum frá 1954 er herjum heims óheimilt með öllu að reisa herstöðvar á þjóðar- eða heimsminjum. Bandaríkjamenn samþykktu ekki þennan sáttmála og herstöðvar þeirra og búðir eru m.a. við hinar fornu borgir Babýlon, Samarra, Úr og Niniveh svo nokkrar séu nefndar. Umsvif hersveita og ekki síst þungra vígvéla mylja fornleifarnar undir sandinum ekki síður en þær sem upp úr honum standa. Stjórnvöld í BNA hafa ekki tjáð sig um ástandið í fornleifamálum Íraks síðan í apríl árið 2003 en þá sagði þáverandi varnarmálaráðherra, Donald Rumsfeld, í viðtali við CNN: „Hlutir fara í rugl. Frelsi er sóðalegt og frjálst fólk gerir mistök, fremur glæpi og gerir slæma hluti.“

Hverjir græða?

Menn standa ráðþrota frammi fyrir menningarhamförunum í Írak og velta fyrir sér hvað valdi, hverjir græði. Grunur sumra beinist að fjölmörgum baráttusveitum og öfgahópum í landinu og aðferðum þeirra við að fjármagna baráttuna, aðrir telja auðmenn og ættarhöfðingja maka krókinn, þar heima og í útlöndum. Hitt er víst að eftirspurnin eykst – auðjöfrar í Evrópu, BNA, Japan og Sameinuðu Arabísku furstadæmunum þreytast ekki á að panta sér muni úr menningarvöggunni, stóra og smáa. Fulltrúar UNESCO, Interpol og fleiri alþjóðlegra stofnana vinna þrotlaust með safna-, sagn- og fornleifafræðingum við að leita muni uppi, m.a. á netsíðum sínum, en vólistar þeirra lengjast jafnt og þétt.

Útrýmingarhætta

Mannkynssaga skoðar manninn, þróun hans og samfélaganna sem hann hefur smíðað, aðferðirnar sem hann hefur notað til að komast af. Tólmstundir hans, hugmyndir um guði, menn og heim, sýn hans á sjálfan sig og umhverfið. Smíðar hans, störf og list, verkfæri, skáldskap og skynjun. Daglegt líf og tyllidaga, orrustur, harðindi og ofgnótt. Frá ýmsum hliðum og sjaldnast einróma. Vitneskjuna hafa menn ekki síður notað til að skyggast um í samtíma sínum, skilja hann og barning manna við að lifa af og aðlagast hörðum heimi.

Sérfræðingar í mannkyni og sögu þess reyna hvað þeir geta til að vekja athygli á þeim fjársjóðum heimilda sem nú tínast inn á einkasöfn auðugra um allan heim eða fjúka burt molnaðar undan herjum og vígvélum með sandinum. Þeir segja forna sögu Íraks í bráðri útrýmingarhættu og þar með sögu einnar af vöggum siðmenningarinnar.

ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



ÍVAR GUÐMUNDS
alla virka daga kl. 9

SIMMI OG JÓI
laugardaga kl. 9

ENN Á TALI
sunnudaga kl. 16

RÚNAR RÓBERTS
alla virka daga kl. 13

REYKJAVÍK SÍDDEGIS
alla virka daga kl. 16

Í BÍTIÐ
alla virka daga kl. 7

MÚSÍK OG SPÓRT
laugardaga kl. 16

VALDÍS GUNNARS
sunnudaga kl. 9

KVÖLDSÖGUR
fimmtudagskvöld kl. 22

BYLGJAN
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Selló og píanó í kvöld

Tvær framúrskarandi tónlistarkonur frá fyrrum Sovétríkjunum, ung, sívaxandi og glæsileg sellóstjarna, Tanya Anisimova, og píanóleikarinn, Lydia Frumkin, halda tónleika í Tíbrárröðinni í Salnum í kvöld og hefjast þeir kl. 20. Þær Tanya og Lydia hafa nýverið leikið þessa sömu efniskrá á tónleikum í Moskvu við frábærar undirtektir og má sjá umsögn um þá tónleika á vef Salarins: www.salurinn.is. Í til efni af þessum tónleikum í TÍBRÁ hefur Anisimova, sem einnig er tónskáld, samið nýtt verk sem ber heitið Íslensk ballaða fyrir selló og píanó, og er verkið byggt á hinu sérstæða íslenska Liljulagi frá 14. öld „Almáttugur guð allra stétta“.

Tanya Anisimova hefur á undan-

förnum árum heillað áheyrendur upp úr skónum á tónleikum víða um heim. Hún stundaði sellónám við Tónlistarháskólann í Moskvu og lauk síðar doktorsprófi í sellóleik við Yale-háskólann. Lydia Frumkin lærði píanóleik við Tónlistarháskólann í Leníngrad en flýði til Bandaríkjanna að loknu námi og hefur undanfarna áratugi verið prófessor í píanóleik við Oberlin-tónlistarháskólann. Hún kom til Íslands á vegum Listaháskóla Íslands haustið 2003 og hélt píanónámskeið í Salnum í Kópavogi við sérlega góðar undirtektir og hafa margir nemendur beðið þess með óþreyju að hún snúi aftur hingað til lands. Þær Tanya og Lydia eru nú báðar búsettar í Bandaríkjunum og hafa



Tanya og Lydia teljast brátt í hópi Íslandsvina.

getið sér einstaklega gott orð fyrir tónlistarflutning sinn og kennslu.

Tanya og Lydia hafa leikið margvíslegar efnisskrár í gegnum tíðina en á tónleikum nú leika þær Sónötu fyrir fiölu og píanó í A-dúr eftir César Franck í umritun Jules Delsart, Sónötu fyrir selló og píanó í g-moll op. 19 eftir Sergei Rachmaninoff og loks nýja verkið eftir Tönju sem hún tileinkar Lydiu en verkið heitir Íslensk ballaða.

RAY MEÐ NÝJA PLÖTU

Kaupendur Sunday Times fá í dag glaðning með blaðinu: **Ray Davies gefur nýjan disk með hverju eintaki.** Diskurinn heitir Workingmans Cafe og eru löggin tekin upp í Nashville en fullfrágingin í Konk-hljóðveri hans í London. Hann mun koma fram á BBC Electric Proms á sunnudaginn kemur en diskurinn kemur í verslanir daginn eftir. Þá hefur vefur Timesonline ókeypis lag fyrir áhugasama til niðurhlaðningar þessa dagana. Þetta er önnur sólóplata Davies sem kom hingað og flutti stóran hluta af Others Peoples Lives í Háskólabíói en hann á sér tryggnan aðdáendahóp hér á landi. Nýja safnið er sagt vera til marks um snilld hans sem laga- höfundur og flytjandi.



DAAGBLAÐIÐ VÍISIR! 1960–2000 AFTERNOON PRESS PHOTOGRAPHY IN ICELAND



15. september – 25. nóvember 2007



LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
Reykjavik Museum of Photography

Tryggvagata 15, 6th floor · 101 Reykjavík · Tel. 563 1790 · photomuseum@reykjavik.is · www.photomuseum.is
Opening hours 12–19 mon–fri, 13–17 weekends · ADMISSION FREE



GERÐUBERG

Handverkshefð í hönnun



Anna Guðmundsdóttir • Anna Gunnarsdóttir • Anna Þórunn Hauksdóttir • Auður Vésteinsdóttir • Ásdís Birgisdóttir • Berggrós Kjartansdóttir • Bjargey Ingólfsdóttir • Bjarni Þór Kristjánsson • Björg Juto Dóra Ána • Friðgeir Guðmundsson • Friða Gylfadóttir • Guðný Hafsteinsdóttir • Guðrún H. Bjarnadóttir • Guðrún Ásgerður Steingrimsdóttir • Hafalís Sverrisdóttir • Héleene Magnússon • Inga Elín Kristinsdóttir • Ingibjörg Hanna Pétursdóttir • Jóna Björg Jónsdóttir • Kristveig Halldórsdóttir • Oddný Magnúsdóttir • Ófeigur Björnsson • Ólöf María Ólafsdóttir • Philippe Ricart • Rósa Helgadóttir • Sif Ægisdóttir • Sigga á Grund • Sigríður Ásdís Jónsdóttir • Sigrún Lára Shanko • Sigrún Skarphéðinsdóttir • Steinunn Bergsteinsdóttir • Védís Jónsdóttir • Þórey Sigríður Jónsdóttir • Þórunn Simonardóttir

Sýningin stendur til 11. nóvember og er opin virka daga frá kl. 11–17 og um helgar frá kl. 13–16. Ókeypis aðgangur!

Leiðsögn á sunnudögum kl. 14. Hópar geta pantað leiðsögn í síma 575 7700.

Menningarmiðstöðin Gerðuberg, Gerðubergi 3–5, 111 Reykjavík www.gerduberg.is - s. 575 7700

www.gerduberg.is



Portrett nú!
Hafnarborg



Óvenjuleg og spennandi skáldsaga um glæp

Bækur þýska rithöfundarins og tónlistarmannsins Alexöndru Kui eiga sér tryggnan og sífellt stærri hóp aðdáenda, enda tekst henni að byggja upp dulmagnaða spennu án þess að fara troðnar slóðir. Bækur hennar ná stöðugt vaxandi útbreiðslu, því hér er sleginn nýr tónn bæði hvað varðar stíl og efnistöð.

 Skjaldborg

www.skjaldborg.is



SOLON

kaffi & bistro

Kaffi - Kökur - Pasta - Salöt - Fiskur
Heilsumatseðill - Smáréttir - Veislur
Listisýningar - Lifandi músík



www.solon.is

FERÐALAG TIL HELVÍTIS OG MÖGULEGA AFTUR HEIM

SYNDIR FEÐRANNA

Leikstjórn: Bergsteinn Björgúlfsson & Ari Alexander Ergis Magnússon

Framleiðendur: Hrönn Kristinsdóttir & Bergsteinn Björgúlfsson

Meðframleiðandi: Sigurður Gíslí Pálmason, Þorvarður Björgúlfsson og Ari Alexander Ergis Magnússon

Handrit: Ari Alexander Ergis Magnússon, Kristján Loðmfjörð

Hljóðvinnsla: Ingvar Lundberg

Tónlist: Þór Eldon

Kvikmyndataka: Bergsteinn Björgúlfsson

Klipping: Kristján Loðmfjörð

Ráðgjafi: Jón Proppé

★★★★

Örlög drengjanna á Breiðavík eru flestum kunn enda tíðrædd í fjölmiðlum í byrjun árs. Heimildarmyndin *Syndir feðranna* er saga þessara manna og samfélagsins sem brást.

Aðdraganda myndarinnar má rekja til ársins 2001 þegar Bergsteinn Björgúlfsson kvikmynda-gerðarmaður hóf rannsókn á málinu. Hann mætti hvarvetna luktum dyrum, bæði hjá yfirvöldum og fyrrum starfsmönnum. Þó bar fyrrum vistmönnum öllum saman um hrikalega atburði sem áttu sér stað á Breiðavík á árunum 1953-1973, þar sem 128 drengir voru vistaðir á heimilinu, flestir á aldrinum 9-14 ára. Sá yngsti aðeins 6 ára. Þegar málið komst í fjölmiðla í ársbyrjun tók myndin á sig nýtt form og Bergsteinn fékk til liðs við sig Ara Alexander Ergis Magnússon leikstjóra og Hrönn Kristinsdóttur framleiðanda.

Sagan er rakin í gegnum frásögn fimm manna sem voru vistaðir þar á mismunandi tímabilum. Hún hefst á umfjöllun Kastljóssins um málið og býður síðan upp á ferðalag sem spannar frá upphafsárunum til nútímans. Þar kemur fram að vistin hafi átt að gera



unga ógæfudrengi hæfa til að þrífast í þjóðfélagi síðaðra manna. Raunin var hins vegar allt önnur og í staðinn máttu drengirnir þola gríðarlegt ofbeldi, andlegt, líkamlegt og kynferðislegt.

Syndir feðranna dregur engan á talar með tilfinningalegu klámi eða ofsafengnu fári fjölmiðlanna. Okkur er boðið að Breiðavík frá lofti þar sem myndir ofsafenginnar náttúru gefa til kynna einangrunina. Og þyrhlujóð í aðflugi vekja hugmyndir um óhug á borð við stríð. Atburðarásin fetar beina leið og segir söguna fumaust með notkun gamalla mynda og viðtala. Áróðursmynd um ágæti Breiðavíkur, gerð til fjáröflunar á árunum



um 1950-60, rennur kaldhæðin samhliða frásögn um margorðað morð á sálum saklausra barna.

Leikstjórnir segja þó sjálfir að markmiðið sé ekki að hengja einhvern sökudólg. Leiðarljósið hafi frekar verið kærleikur, mann-gæska og nærgætni við viðmælendur. Svo þeir gætu sagt sögu sína á eigin forsendum í tilraun sinni til að öðlast mannlega reisn. Eins konar ferðalag til helvítis og mögulega aftur heim. Eins og góðri heimildarmynd sæmir spyr

hún spurninga. Var þetta mannvonska eða bara tíðarandinn? Hver er samfélagsleg ábyrgð okkar allra og samfélagsleg meðvirkni? Ásamt aðalspurningunni: Hvernig er hægt að vera vondur við börn? Og minnir okkur í leiðinni á að spyrja hvernig hafa börnin sem minna mega sín, í dag?

Syndir feðranna er vel unnin heimildarmynd, sem nýtur þess tíma sem hún fékk til að þraskast. Hún skartar dásamlegum myndum Bergsteins Björgúlfssonar

sem hefur að þrautseigju og næmi fundið leið til að segja þessa erfðu sögu, ásamt einstakri sagnalist Ara Alexanders Ergis Magnússonar. Hún er kröftug og áttakanleg samfélagsádeila sem leikstjórar á borð við hinn sænska Stefan Jarl, Nick Broomfield og jafnvel Michael Moore reyna einnig að túlka. *Syndir feðranna* gerir nákvæmlega það sem hún á að gera, hún vekur af værum svefni og heimtar svar.

Rut Hermansdóttir

„*Syndir feðranna* er vel unnin heimildarmynd, sem nýtur þess tíma sem hún fékk til að þraskast. ... Hún er kröftug og áttakanleg samfélagsádeila sem leikstjórar á borð við hinn sænska Stefan Jarl, Nick Broomfield og jafnvel Michael Moore reyna einnig að túlka.

Fallega smíðar drottinn

Á MÖRKUM

Valgarður Egilsson JPV

Í þessari fallegu ljóðabók eru þrjú meginþemu sem fléttast þar saman í margþátta rímu, og áskorun bókarinnar felst í því hversu stórt er spurt – þemur eru: (1) sköpunarverkið = náttúra = móðir = maður = guð = sköpunarverkið (2) uppruni = fæðing = sköpun = feigð/örlög /mörk lífs og dauða = hringrás (3) orð = ljóð = sköpunarverk. Skáldið leitar sjálfu sér skjóls í þessu skáldlega ríki, leitar sátta við föður andans og móður náttúru, rýnir í sigildar ódádárúnir fjalls og manns (8), veit og skilur þótt fjarskinn sé djúpur (28), vinsar kjarnann úr heilögu riti (59) og stendur vörð um lifandi náttúru (35), spyr hvort hún sé feig. Gófugt



markmið, gjöfull kveðskapur.

Eru þá ónefnd ýmis önnur djásn þar sem rödd skáldsins er bundnari brag og bókviti og veikari fyrir vikið; haglega kveðin söguljóð, dýr sléttubönd, beittar rímprautir, rómantísk danskvæði og nokkur meinhæðin óaldarljóð með hefðbundnum síðvöndunartóni; „við ofgnóttir alls við öreigar nútímans heitum“ (45). En beinum sjónum að fyrsta þemanu og fylgjum því eftir gegnum örfá kvæði:

„Ég veit, ég rata“, ég miða líf mitt við náttúrumörk (5) segir skáldið í upphafskvæði bókarinnar og rammur það inn í brag sem rímar vel við jarðbundna náttúruna ... sem síðan lifnar óðar við í næsta

kvæði er „villiskáld úr heiðnum síð deyr í fjallið“ (8) og gæðir náttúruna mannlegu eðli sem um leið er guðleg vera sköpuð í mannsins mynd og móður, því að „þitt er ríkið, faðir vor“ (72-73) og jörðin helg þótt móðurættin (moldin) eigi sér heiðna rót. En þótt vafi leiki á hvor sköp hvorn, guð eða maðurinn, og hvor sé skár ortur (20) er uppruna mannsins að leita í fljóttandi móðurskauti náttúrunnar (23) þaðan sem hann kemur og fer og (skynvilltur 23-24) fellur á kné og lofsyngur mátt hennar (25). Skáldið holdgerir hana síðan á ný með „formóður vorri Lucy“ (34) sem raunar er holdlaus og tákn forgengileikans (mannsins/efnisins) gegn eilífum draumi lifandi jarðar.

Og skáldið óttast um móður jörð, teikn á lofti „hvítnaði andlit jarðar“ (26-29) og maðurinn feigur sömuleiðis og tími lífsins á móta óviss og dauðans. Því maðurinn hefur villst af leið „gleymd er samleið úr suðri“ (33) og „vestræn gildi“ (kristin síðfræði) orðin tóm ef þeim fylgir ekki breytni að eftirdæmi Krists „sem vér eigum sitthvað ólært af“ (39). Skáldið



Valgarður Egilsson rithöfundur.

varar við hræsni, hnefaréttinum, valdboði frekjunnar, blindri efnishyggju, ofbeldi gagnvart helgri jörð, afhelgun andans og undanhaldi frá boðorði vors Föður: „Sonur þinn er...einsog sammæðra vitund vorri“ (73).

En maðurinn ber sjálfur alla ábyrgð, verður að treysta sjálfum sér til að finna almættið í eigin blóði og náttúru. „Frjósemisást“ er „fullkomleikinn sjálfur, vor sigur á dauða“ (73) því atgangur mannsins lifir „út yfir dys og dauða“ (58) þótt holdið sé mold; upprisan er á eigin ábyrgð og bundin veikri von því í jarðvistinni er „sálin föl“ (45) og syndin lævis. „Helgi“ er sömuleiðis verund (sprottin af vitund) og villandi orð ef ekki fylgir gjörð – það er glæpur gagnvart sköpunarverkinu að snúast gegn því; „undarleg sýki að sækja í það að sigra fólk hér á jörðu“ (61).

Hámarki nær þessi samhelgun móður, náttúru, manns og guðs í „Fæðingarhátíð á heiði“ (66-69) þar sem skáldið yrkir sögu Sonarins upp á íslenskri heiði og býður fylgd „hinni fegurstu mey og móður“, og í „Sálmí efasemdarmanns“ (72-73) þar sem Faðirvorið og bókin enda í spámannlegri spurn.

Gullfalleg bók, ort af mikilli íþrótt, víðskyggn kveðskapur og mikið undir en sums staðar um of. Sigurður Hróarsson

SPENNA

HEFUR SETIÐ
Á ÞÝSKUM
METSÖLULISTUM
ALLT ARIÐ!

HANDHAFI ÞÝSKU GLÆPASAGNAVERÐLAUNANNA

FRAMÚRSKARANDI GLÆPASAGA. BYGGIR Á
ÓHUGNANLEGU OG DULARFULLU MORDMÁLI
SEM ENN ER ÓUPPLÝST.


„Drápin er stórfengleg glæpasaga.“
– Die Zeit

„Spennandi glæpasaga af bestu gerð.“
– Hamburger Abendblatt

„Þessi fyrsta bók Andreu Mariu Schenkel er ekki bara bráðspennandi
og vel skrifuð glæpasaga. Hún dregur upp ógnvænlega og
effirminnilega mynd af hrollvekjandi sveitasamfélagi ...“
– Die Berliner Literaturkritik



DYNAMO REYKJAVÍK



MEISTARI HINNAR ÓVÆNTU FLETTU

ALÞJÓÐLEG METSÖLUBÓK EFTIR KONUNG
BRESKRA SPENNUSAGNA

„Snilldarlega góð glæpasaga.“
– Aftenposten

„Úthugsuð og þéttofin spennusaga
eftir sjálfan meistara formsins.“
– Aftenposten



BJARTUR

... AÐ TJALDABAKI

Nýlega kom í leitirnar kvikmynd eftir Þránd Thoroddsen frá 1950. Myndin er tekin áður en Þrándur sneri til náms í Póllandi í kvikmyndagerð en hann var í hópi þeirra sem lærðu kvikmyndagerð uppúr miðri öldinni. Myndin lýsir þorablóti Íslendinga í Kaupmannahöfn. Þrándur var einn þeirra sem nutu merkilegar tortryggni hjá ráðandi öflum krata og sjálfstæðismanna í útvarpsráði þegar sjónvarp var sett á stofn á Íslandi. Hann var jú lærður austan járntjalds og róttækur. Hann komst að hjá Sjónvarpinu andstætt Þorgeiri Þorgeirssyni, Magnúsi Jónssyni, Ingibjörgu Haraldsdóttur, Þorsteini Jónssyni og fleirum.



Dómkórinn fer í tónleikaferð til Dresden á næsta ári og mun syngja í einni höfuðkirkju hinnar fornu menningarborgar sem byggð var upp úr rústum stríðsins.

Kórinn fer víða en aldrei hafa félagar þar á bæ vitað til að uppselt hafi verið á tónleika kórsins langt fram í tímann í fjarlægri borg. Marteinn Hunger stjórnar.

Kurr er meðal kvikmyndagerðarmanna vegna seinangangs í viðræðum forkólfa Félags kvikmyndagerðarmanna og Sambands kvikmyndaleikstjóra á Íslandi við Ríkisútvarpið en í þjónustusamningi við

menntamálaráðherra eru bindandi ákvæði um hlut innlendra framleiðenda í dagskrá Sjónvarps. Forkólfar félaganna geta varla talast við, þeir Hjálmtýr Heiðdal og Baltasar Kormákur. Heyrast raddir að líklega verði að setja þá báða á hilluna eða senda þá á færninám-skeið í samskiptum.



iPod endurfæddur



iPod nano 4 GB

Glæný hönnun / Nýir litir / Spilar myndbönd / Bjartari skjár
Nýtt stýrikerfi / Cover Flow / Hljóðbækur / Leikir / Myndir

18.990



iPod touch

8 GB / svartur 29.990*
16 GB / svartur 39.990*

* Væntanlegur í nóvember.
* Verð er með fyrirvara um tollflokun.

iPod classic

80 GB / silfur 33.990
80 GB / svartur 33.990
160 GB / silfur 47.990
160 GB / svartur 47.990

iPod nano

4 GB / silfur 18.990
8 GB / silfur 24.990
8 GB / blár 24.990
8 GB / grænn 24.990
8 GB / svartur 24.990

iPod shuffle

1 GB / silfur 9.990
1 GB / blár 9.990
1 GB / grænn 9.990
1 GB / fjólublár 9.990



Apple IMC
Humac ehf.

apple.is
534 3400

Laugavegur 182 | Mán. til fös. 10 – 18 og lau. 11 – 16
Kringlan | Opið samkvæmt afgreiðslutíma Kringlunnar



eitthvað alveg
einstakt



Galleri List
Skiptolt 50A • sími: 581 4020
www.gallerilist.is